



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

15. júlí 2005 - 189. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Lýðræðislegi lífsmátinn

Hið opna samfélag er viðkvæmt og lítið þarf út af að bera til að lýðræði breytist í alræði, segir Birgir Guðmundsson. Hann varar við hættunni af að svo langt verði gengið í stríðinu gegn hryðjuverkum að lýðrættindi verði fyrir borð borin.



í DAG 22

### Hörður með fernu í Lúxemborg

Hörður Sveinsson skoraði öll fjögur mörk Keflavíkur í gær sem vann stærsta útisigur íslensks félagsliðs í Evrópukeppni félagsliða frá upphafi.



ÍÞRÓTTIR 30

### Ungt leikskáld á uppleið

Leikskáldið Þórdís Elva Þorvaldsdóttir er á leið til Ástralíu þar sem sextíu bestu ungskáld heims sameinast. Uppi varð fótur og fit í herbúðum Anniear þar sem Þórdís Elva leikur eitt af hlutverkunum. Ingibjörg Stefánsdóttir kom eins og himnasending og frumsýnir hún í stað Þórdísar Elvu.



MENNING 36

### VEÐRIÐ Í DAG




### HLÝTT NORDAN OG AUSTAN

Skýjað með köflum víða um land síð þó suðvestan til þar sem búast má við litilsháttar vætu þegar kemur fram á daginn. Hiti 13-25 stig.

VEDUR 4

### HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Lestur á föstudögum 25-49 ára\*



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005.



SJÁVARPRINSESSA VIÐ STRANDENGJUNA Lystiskipið Sea Princess lá við akkeri við Reykjavík í gær og fóru margir hinna tæplega tvö þúsund farþega í land. Annað skip Aurora lá einnig við akkeri með álika marga farþega og má gera ráð fyrir að farþegar skipanna tveggja hafi keypt varning fyrir um 25 milljónir króna meðan þeir voru í landi.

# Íslendingur brýtur blað í erfðafræðirannsóknnum

Richard Kristinsson réttarferðafræðingur við Denver háskóla í Bandaríkjunum hefur uppgötvað nýja aðferð við rannsókn erfðafna sem sparar bæði tíma og peninga. Bandarísk stjórnvöld hafa styrkt Richard og leiðbeinanda hans um tæpar 30 milljónir króna. Hann hyggst opna rannsóknarstofu á Íslandi eftir tvö ár.

**RANNSÓKNIR** Ef að líkum lætur mun uppgötvun Richards Kristinssonar réttarferðafræðings auðvelda rannsókn alvarlegra glæpamála til muna. Hún gerir mönnum kleift að skera úr um á nokkrum mínútum hvort og hversu mörg DNA-sýni þarf að rannsaka og þannig sparast bæði tími og peningar sem sjaldnast er nóg af þegar um alvarleg afbrot á borð við nauðganir og morð ræðir.

Erfðafni mannsins eru af tvennum toga. Annars vegar svokallað hefðbundið erfðafni sem erfist bæði frá móður og föður og

hins vegar svonefnt hvatberaerfðafni sem erfist aðeins frá móður.

Hvatberaerfðafni endast mun lengur í líkum en hefðbundin erfðafni sem geta brotnað niður á tveimur til þremur mánuðum ef lík er til dæmis grafið í jörðu.

Hvatberaerfðafni eiga hins vegar á hættu að smitast af öðrum slíkum efnum og hefur slíkt torveldað rannsóknir. Uppgötvun Richards snýst um að aðskilja smit frá upprunalega hvatberaerfðafninu.

„Ég hef þróað aðferð til að

skilja sýkingu frá upprunalega erfðafninu. Þannig get ég séð á skömmum tíma hvort utanaðkomandi hvatberaerfðafni hafa blandast hinu upprunalega og þau er þá hægt að setja í frekari rannsóknir,“ segir Richard.

Hann er nú í doktorsnámi við University of Denver í Colorado í Bandaríkjunum en þar hóf hann nám í lífefnafræði og sameindalíf-fræði fyrir átta árum.

Fyrir tilstuðlan og styrk bandaríska dómsmálaráðuneytisins hefur Richard þróað aðferðir sínar og nú hyllir undir að þær

hljóti löggildinguna í Bandaríkjunum. Mikill áhugi er þar í landi á aðferðinni því með henni má spara tugi og hundruð þúsunda króna við DNA-rannsóknir. Hægt er að úrskurða um nauðsyn þess að senda sýni í frekari rannsóknir á sjö mínútum og fyrir jafnvirði 6.500 króna í stað þess að verja frá jafnvirði 65 þúsund og upp í tæpar tvö hundruð þúsund króna sem DNA-rannsókn kostar.

Richard hefur í hyggju að flytjast til Íslands eftir tvö ár og opna hér rannsóknarstofu.


-b/s / Sjá síðu 16.

Bíleigendur biðla til ríkisins um skattalækkun:

## Hver lítri margskattlagður

**ELDSNEYTI** „Það versta í þessu er að ríkið notar tækifærið til þess að raka til sín enn meiri fjármunum,“ segir Stefán Ásgrímsson, ritstjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Félagið hefur skorað á stjórnvöld að lækka álögur sínar á bifreiðaeldsneyti nú þegar heimsmarkaðsverð er í hámarki.

„Áttatíu krónur af hverjum bensínlítra fer til ríkisins og hver lítri er margskattlagður,“ segir Stefán. Olíugjald fyrir bensín er nú 28,60 en gjaldið fyrir dísilolíu er 41 króna að sögn Stefáns. Níutíu prósent vörugjald sé á bensíni, talsvert meira en á dísilolíu. Þá er 24,5 prósent virðisaukaskattur lagður ofan á allt saman. „Eftir skattlagninguna borga neytendur því næstum það sama fyrir bensín og dísilolíu, eins og



**ELDSNEYTIÐ DÝRAST Á ÍSLANDI** Samanburður á verðum í Evrópu 6. júlí síðastliðinn. Verð gefið upp í íslenskum krónum. Heimild: FIB

olíufélagin greiða svipað verð fyrir hvora gerð olíu í innkaupum,“ segir Stefán.

Miðað við verðþróun á heimsmarkaði má ætla að tekjuaukning ríkissjóðs af virðisauka-

skatti á hátt eldsneytisverð nemi hátt í 500 milljónum króna að því er fram kemur í útreikningum FÍB.

Ekki náðist í Geir H. Haarde fjármálaráðherra í gær. -ht

**TÍVOLI** við Smáralind  
15-90% Afsláttur  
**ÚTSALA** í fullum gangi  
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



# STÓRÚTSALAN Í FULLUM GANGI

**VIÐBÓTAR VÖRUSENDING BEINT Á ÚTSÖLUNA**

# 50-80%

**AFSLÁTTUR**

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**REGATTA** 

GREAT OUTDOORS™

**AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK**

**OPID**

**VIRKA DAGA 10 – 18**

**LAUGARD. 16. JÚLÍ 10 – 18**

**SUNNUD. 17. JÚLÍ 13 - 17**



**ÚTIVIST&SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,97	65,29
Sterlingspund GBP	114,25	114,81
Evra EUR	78,42	78,86
Dönsk króna DKK	10,517	10,579
Norsk króna NOK	9,911	9,969
Sænsk króna SEK	8,362	8,41
Japanskt jen JPY	0,5796	0,583
SDR	XDR	94,28
		94,84

Gengisvísitala krónunnar

110,0286

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Banamein Gísla Þorkelssonar leitt í ljós með krufningu í gær:

## Lést af völdum byssuskots í höfuð

**MORÐRANNSÓKN** Krufning leiddi í gær í ljós að Gísla Þorkelsson, sem myrtur var í Suður-Afríku fyrir rúmum fimm vikum síðan, lést af völdum byssuskots í höfuðið. Lík Gísla fannst 10. júlí falið í tunnu sem fyllt hafði verið með steypu þannig að aðeins sá í fætur þess.

Andy Pieke, aðstoðaryfirlög-regluþjónn og talsmaður lögreglu-yfirvalda í East Rand hluta Jóhannesborgar í Suður-Afríku, segir að þrátt fyrir háa glæpatíðni hafi málið vakið töluverða athygli ytra. „Það er ekki algengt að hér finnst lík í steinsteypu í ruslatunnum,“ segir hann.

„Núna taka við prófanir á erfða-

efni og svo eiturefnafræðigreining, en hún sýnir fram á hvort í líkinu greinast lyf eða alkóhól,“ sagði Pieke, en gerði ekki ráð fyrir niðurstöðum fyrr en að nokkrum tíma liðnum. „Þær rannsóknir taka mjög langan tíma.“

Pieke var ekki bjartsýnn á að réttað yrði í flýti yfir Desirée Louise Oberholzer og Willie Theron sem sökuð eru um að hafa myrt Gísla. „Þau verða færð aftur fyrir dómara í ágúst og hafi rannsóknin gengið vel er mögulegt að fest yrði dagsetning fyrir réttarhöld. Sjálfum finnst mér samt ólíklegt að réttað verði í málinu fyrr en einhvern tímann á næsta ári.“



SUBUR-AFRÍKA Ólíklegt er að réttað verði yfir Oberholzer og Theron fyrr en á næsta ári.

## Þögn sló yfir Lundúnir

Vika er liðin frá hryðjuverkaárásunum á Lundúnir og var þess víða minnst með tveggja mínútna langri þögn í gær. Búið er að bera kennsl á alla tilræðismennina fjóra

**BRETLAND** Í gær var liðin vika frá hryðjuverkaárásunum á Lundúnir og þess minnst borgarbúar með tveggja mínútna langri þögn í gær. Lundúnalögreglan greindi frá því í gær að fjórði sprengjumaðurinn væri Jamaíki.



**HASIB MIR HUSSAIN** Hussain var aðeins átján ára gamall en fyrir tveimur árum varð hann mjög trúður.

Í Buckingham-höll leiddi Elisabet Bretland röttning stutta athöfn en á meðan var Ken Livingstone, borgarstjóri Lundúna, með trúarleiðtogum á Trafalgar Square. Hann sagði í viðtali við BBC að borgarbúar hefðu staðist erfiða prófaun í síðustu viku með því að snúast



**MEÐ SPRENGJU Í FARTESKINU** Hasib Mir Hussain á lestarstöðinni í Luton.

af jamaískum uppruna frá Buckinghamshire en ekki er vitað hvernig hann tengdist hinum árásumönnum. Leit að tveimur mönnum til viðbótar sem taldir eru hafa skipulagt árásum stendur enn yfir en talið er að þeir hafi yfirgefið landið.



TVEGGJA MÍNÚTNA ÞÖGN Vegfarendur á Euston Road, nærri King's Cross stöðinni í Lundúnum sameinuðust í þögn á hádegi í gær.

af jamaískum uppruna frá Buckinghamshire en ekki er vitað hvernig hann tengdist hinum árásumönnum. Leit að tveimur mönnum til viðbótar sem taldir eru hafa skipulagt árásum stendur enn yfir en talið er að þeir hafi yfirgefið landið.

Í gær var búið að bera kennsl á lík fjórtán þeirra sem fórust í árásum. Fimm tíu hinna slösuðu eru enn á sjúkrahúsi. Áður en þagnarbindindið hófst flutti vagnstjóri strætis-

vagnsins stutt ávarp þar sem hann vottaði fjölskyldum fórnarlambanna samúð sína. „Við minnumst þeirra með þögninni í dag. Með kyrrlátri reisu og virðingu sýnum við andúð okkar á þeim sem komu sprengjunum fyrir og þeim sem fengu þá til þess arna. Þar sem við stöndum sameinuð sendum við skilaboð til illvirkjanna: Þið hvorki sigrið okkur né brjótið okkur á bak aftur.“

sveinng@frettabladid.is

Flugvél á Flúðum:

## Hlekkist á í lendingu

**FLUGSLYS** Flugvöllurinn á Flúðum var lokaður fram eftir degi í gær eftir að konu hlekkist þar á í lendingu eins hreyfils Cessna-flugvélar í gærmorgun. Vélin endaði utan vallar, en konuna, sem var ein á ferð, sakaði ekki.

Þá kemur fram í tilkynningu Flugmálastjórnar að vélin hafi lítið skemmt. Völlurinn var opnaður aftur klukkan fjögur síðdegis, að lokinni rannsókn á vettvangi.

Vélin fór frá Reykjavík rétt eftir klukkan sjö í gærmorgun og ætlaði konan að lenda á Selfossi, Flúðum, Bakka og í Múlakoti, áður en haldið yrði til lendingar í Reykjavík aftur klukkan hálf tíu.

Samgönguráðuneytið:

## Hafa ekki rætt um aðgerðir


**OLÍUVERÐ** Ekki hefur verið rætt um að grípa til sérstakra aðgerða vegna erfiðleika sem ferðarþjónusta sem byggir á bílaútgerð sér fram á í kjölfar verðhækkana á dísilolíu að sögn Bergþórs Ólasonar, aðstoðarmanns samgönguráðherra.

Stóraukinn kostnaður vegna verðhækkana gæti jafnvel gengið að jeppaferðum á hálendi dauðum að því er Hlynur Snæland Lárusson hjá Snæland Grímssyni segir. Hann segir grundvöll fyrir slíkum ferðum hafa versnað mjög.

## VEÐRIÐ Í DAG

**VEÐURHORFUR HELGARINNAR** Þriðju helgina í röð er útlit fyrir nokkurt vatnsveður í borginni og vestan til á landinu. Morgun finnst greiðsami lægðanna við að vökva blómin orðin óþarflega mikil. Nú vilja menn sól og sumar í borginni enda misskiptingin í veðrinu býsna mikil. En það sem er óþrúvísi núna um helgina er að það má búast við vætu á sunnudag í flestum landslutum einhvern tíma dagsins. En á laugardag verður vætan fyrst og fremst bundin við vestanvert landið.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur



## Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	22°C hálfskýjað	Paris	33°C heiðskirt	Alicante	30°C heiðskirt
Ósló	21°C heiðskirt	Berlín	28°C hálfskýjað	Milano	32°C hálfskýjað
Stokkhólmur	21°C hálfskýjað	Frankfurt	32°C skýjað	New York	28°C hálfskýjað
Helsinki	22°C heiðskirt	Madrid	42°C heiðskirt	San Francisco	21°C heiðskirt
London	21°C heiðskirt	Barcelona	29°C heiðskirt	Orlando/Florida	32°C skúrir

Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Ný snyrtistofa opnar í Kringlunni,

DEKURSTOFAN

Snædis Anna Hafsteinsdóttir snyrtifræðingur býður upp á snyrtimeðferðir fyrir dömur og herra.

Unnið er með Guinot snyrtivörur

DEKURSTOFAN  
Kringlunni 8-12, 3. hæð ☎ 568 0909

# Frábært á grillið



**40% afsláttur við kassa**

**TILBOÐ**  
**899** kr/kg  
Merkt verð 1.499,-

Fersk **kjúklingalæri** úrbeinuð

**30% afsláttur við kassa**

**TILBOÐ**  
**1.467** kr/kg  
Merkt verð 2.095,-

Ferskar **kjúklingalundir**

Holta-kjúklingur

landslíð matreiðslumeistarar



**40% afsláttur við kassa**

**TILBOÐ**  
**935** kr/kg  
Merkt verð 1.559,-

Kryddlegin **svínahnakki** úrbeinaður

Bezt

## Kjöt & fisktorgið

Marineraðar **laxasteikur** frá Rúnari roð og beinlausar í hvítlauk, chili og engifer tilbúnar beint á grillið



### Uppskrift að hætti Bjarna landsliðskokks Kjúklingapinnar „Sate“

500 g kjúklingabringur/lundir (skornar til og þræddar upp á spjót)  
100 ml kjúklingasöð (vatn og kraftur)  
1/2 saxaður laukur  
1 rif saxaður hvítlaukur  
2 tsk. söxuð engiferrot  
1/2 tsk. cumin (ekki kúmen)  
1/2 tsk. tumeric

#### Aðferð:

Öllu er blandað saman og látið liggja í 30-60 mín. Gott er að kryddleggja spjötin í tvöföldum plastpoka svo kryddlögurinn leiki um kjötið. Passa þarf að gegnumsteikja kjúklinginn. Ólífa og pensill er besti vinur grillarans, því betra er að pensla grindina áður svo að ekkert festist við.

**Bjarni Gunnar Kristinsson**  
Yfirmatreiðslumaður á Grillinu meðlimur í landsliði matreiðslumeistarar

# Jói FEL



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



**Myllu súkkulaðikökur** 2 teg.  
- hentugar í ferðalagið



**French sinnep**



**Jói Fel** ís 3 tegundir  
- vinsælasti ís Hagkaupa

Gildir til 17. júlí eða á meðan birgðir endast.

## HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

Á að herða viðurlög við umferðarlagabrotum?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	71%
Nei	29%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Borðar þú hrefnukjöt?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Maður og kona í Héraðsdómi Reykjaness:

## Dæmd fyrir stórfelld fíkniefnabrot

**DÓMSTÓLAR** 32 ára maður var í gær dæmdur í eins og hálfis árs fangelsi fyrir stórfelld fíkniefnabrot og fleiri brot. Þá var í sama dómi 26 ára gömul kona dæmd í hálfisárs fangelsi. Dómarnir voru upp kveðnir í Héraðsdómi Reykjaness, þeir eru skilorðsbundnir að hluta. 15 mánuðir af refsingu mannsins eru skilorðsbundnir í þrjú ár og öll refsing konunnar.

Manninum er meðal annars gefið að sök að hafa afhent konunni til sölu dreifingar 295 töflur af MDMA (e-töflur) og 782 grömm af kannabis í ársbyrjun í fyrra. Töflurnar og rúm 580 grömm af kannabis voru svo gerð upptæk á heimili konunnar í mars og tæp 200 grömm af kannabis sem voru í handtösku hennar úti í bíl. Sama dag var gerð húsléit hjá manningum og fundust heima hjá honum í Hafnarfirði og í nágrenni íbúðar hans milli steina, fleiri tugir gramma af amfetamíni, kókaíni og kannabis, auk fleiri hundrað e-tafna. Maðurinn greiðir yfir milljón króna í sakarkostnað og konan rúm 600 þúsund.

**E-TÖFLUR** Maður sem dæmdur var í gær fyrir fíkniefnamisferli sætti einnig ákæru fyrir ölvunarakstur í Reykjavík undir lok júní sl. og missti prófið í hálf ár. Hann jataði ölvunaraksturinn, en neitaði öðrum sakargiftum. Kona sem hlaut hálfisárs dóm neitaði líka sök. Upptæk voru gerð hjá manningum handjám og tveir lítrar af landa.



## LÖGREGLUFRETTIR

### TALSVERT TJÓN EFTIR

**VATNSLEKA** Talsvert tjón varð í verslunarhúsnæði í miðbæ Akureyrar eftir að þrjár ofnar sprungu með þeim afleiðingum að vatn lak um húsnæðið síðdegis í fyrradag. Ofnarnir voru á þriðju hæð og lak vatnið alla leið niður í kjallara að sögn lögreglu.

**ELTU UPPI ÖLVAÐAN MANN** Lögregla þurfti að elta uppi ölvaðan mann eftir að hann stakk af frá árekstri á Egilsstöðum í fyrrinótt. Maðurinn keyrði á kyrrstæðan bíl en var á bak og burt þegar lögregla kom að. Maðurinn fannst þó fljótlega og verður hann ákærður fyrir ölvunarakstur.

## BRETLAND

**HARRY VELÐUR DEILUM** Hætt hefur verið við að halda sérstakan norna- og seiðkarlagdag í barnaskóla í Skellingthorpe, Lincolnshire, í tilefni útkomu nýjustu bókarinnar um Harry Potter í kvöld. Skólalærjörndum hafði borist bréf frá presti í bænum og nokkrum foreldrum þar sem áhyggjum var lýst af því að verið væri að leiða börnin „á braut hins illa.“

## HÆSTIRÉTTUR

**DEILT UM GJALDTÖKU** Áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í fyrradag þar sem ríkið var sýknað af kröfum manns sem taldi sig hafa orðið fyrir ólög-mætri gjaldtöku. Skattstjórnin í Reykjavík lagði á manninn iðnaðarmálagjald á árunum 2001 til 2004, en hann telur sig ekki þurfa að greiða það og vísar til félagsfrelsis.



Á GÆSLUVELLINUM VIÐ MALARÁS Þrjár gæslukonur ásamt barni að leika gæsluvelli í blívíðrinu í Reykjavík í gær.

## Fundað með starfsmönnum gæsluvalla

Fulltrúar gæslukvenna funduðu í gær með borgaryfirvöldum vegna deilunnar sem upp er komin milli þeirra. Borgaryfirvöld segjast ætla að gera starfslokasamninga við þær sem það kjósa en ellegar útvega störf við hæfi.

**KJARAMÁL** „Við erum baráttukonur og ætlum að standa á okkar máli,“ segir Guðrún Guðjónsdóttir, forstöðukona á gæsluvellinum í Malarási í Reykjavík, en henni ásamt rúmlega tuttugu öðrum konum hefur verið sagt upp störfum þegar gæsluvöllum borgarinnar verður lokað 1. september næstkomandi. Fulltrúar gæslukvenna funduðu í gær með borgaryfirvöldum.

Menntaráð Reykjavíkuborgar hefur ákveðið að loka gæsluvöllum borgarinnar og segja upp öllum starfsmönnum á gæsluvöllum. Í fundargerð menntaráðs frá 31. mars síðastliðnum kemur fram að gengið verði frá starfslokasamningum við núverandi starfsmenn gæsluvalla en einnig verði skoðaðir möguleikar á öðrum störfum fyrir þá sem þar starfa nú. Þetta segir Guðrún að hafi ekki verið gert.

„Það er stór munur á því að segja fólki upp eða gera við það starfslokasamning. Auk þess hefur engri okkar verið boðin nein störf nema kannski að einni undanskilinni og við þetta ætlum við ekki að una,“ segir Guðrún.

Birgir Björn Sigurjónsson, skrifstofustjóri á starfsmannaskrifstofu Reykjavíkuborgar, segir að ákveðið hafi verið að halda fund í gær að frumkvæði borgaryfirvalda til að finna jákvæða lausn á málinu sem upp er komið.

„Við fórum yfir stöðu málsins og þetta var afar góður og málefnalegur fundur. Niðurstaða fundarinnar varð sú að við ætlum að boða fund með þeim starfsmönnum sem eiga í hlut næstkomandi miðvikudag og fara yfir réttarstöðu hvers og eins,“ segir Birgir. Hann segir að mikilvægt sé að tryggja þeim sem eiga í hlut atvinnu og Reykjavíkurborg ætli að beita sér fyrir því að þeir sem það kjósi fái störf við sitt hæfi. „Við göngum frá starfslokasamningum við þá sem vilja en mörg störf sem bjóðast fyrir þetta fólk og við viljum gjarnan sjá það í okkar þjónustu,“ segir Birgir Björn.

[hjalmar@frettabladid.is](mailto:hjalmar@frettabladid.is)

**SMS LEIKUR**  
9. HVER VINNUR.

SENDU SMS SKEYTID **BTC MGF** Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNID.

WINNINGAR ERU:  
• MIDAR FYRIR TVO Á MADAGASCAR  
• SHARK TALE Á DVD  
• SHREK 2 Á DVD  
• GLÆSILEGUR VARNINGUR TENGUR MYNDINI T.D. FLOTTIR BOLIR  
• COCA COLA  
• OG ENN MEIRA AF DVD OG SKEMMTILEGU DÓTI

**MADAGASCAR**  
FRÁ FRAMLEIÐENDUM SHREK 2 & SHARK TALE

**TILBÚNIR TIL AFHENDINGAR**  
Nú er ekki eftir neinu að bíða!

Höfum einnig nokkrar gerðir af TEC hjólhúsum tilbúna til afhendingar strax.

**JOINT**  
Eigum örfáa Joint - j 148  
Lágþekjubíla tilbúna á götuna  
Verð 3.990.000.-

**Tjalduvagnaland**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR  
Opíð: Föstudag 10 - 18 Laugardag 12 - 16

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • [www.seglagerdin.is](http://www.seglagerdin.is)

Þjóðverjar leggja línurnar í kosningabaráttu:

## Merkel vill ekki „stóra samsteypu“

**ÞÝSKALAND, AP** Angela Merkel, formaður kristilegra demókrata og kanslaraefni í komandi kosningum í Þýskalandi, sagði í gær að hún stefni að því að sneiða hjá því að mynda svokallaða „stóru samsteypu“ með jafnaðarmönnum eftir kosningarnar. Að hennar sögn væri slíkt stjórnsamstarf „merki um stöðnun“.

Þrátt fyrir mikið forskot núverandi stjórnarandstöðuflokka í skoðanakönnunum hafa vanga-veltur verið þrálátar um að ekki væri þar með víst að kristilegu flokkarnir mynduðu stjórn með Frjálslyndum demókrötum (FDP). Ekki væri hægt að útiloka að kristilegir, undir forystu Merkel, kysu frekar að efna til „stórrar samsteypu“ en að mynda stjórn með hinum mjög svo markaðshyggjusinnaða smáflokki



**MIKIÐ FORSKOT** Kristilegir demókratar í Þýskalandi, undir forystu Angelu Merkel, mælast nú með 15-20 prósentustiga forskot á jafnaðarmannaflokk Schröders kanslara.

frjálslyndra. Öll þau sextán ár sem Helmut Kohl var við völd stýrði hann samsteypustjórn kristilegra og frjálslyndra.

Á blaðamannafundi í gær

brást Merkel við þessum vangeviltum og sagði: „Við stefnum að stjórnarskiptum ... og það þýðir stjórnsamstarf CDU og FDP.“ ■

# höfum það huggulegt í fríinu

frábær sumartilboð!



## veldu þér kjúklingatilboð



## veldu þér helgarsteik



## melónudagar í Nettó!



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda 15.-17. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast  
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Íslendingar vongóðir um að annast gerð jarðganga í Færeyjum:

## Ístak átti lægsta tilboðið

**IDNADUR** „Þarna er um tveggja ára verkefni að ræða ef við hljótum hnossið en það ætti að koma í ljós næstu daga,“ segir Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks. Fyrirtækið bauð lægst allra í útbóði um gangagerð milli Óravík og Hov í Færeyjum og telur Loftur góðar líkur á að fyrirtækið fái verkið en tilboði hljóðaði upp á tæplega 1.4 milljarða króna.

„Þarna er um gangagerð að ræða og vegagerð að auki og við áætluðum að nota íslenska starfsmenn að hluta til verksins. Að öðru leyti reynum við að fá heimamenn okkur til aðstoðar.“

Ístak hefur áður bæði eitt og sér og í samstarfi við danska verktakafyrirtækið Pihl & Son unnið að verkefnum í Færeyjum og því þekkja þeir vel til aðstæðna. Fyrirtækið er enn fremur að vinna að stíflugerð á Grænlandi auk verkefna hér á landi og því í nógu að snúast. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 650 manns og þar af um 150 erlendir starfsmenn.

-aðe

**ÍSTAK Í VÍKING** Íslenska verktakafyrirtækið Ístak bauð lægst í gerð jarðganga í Færeyjum. Niðurstaða um hvort verkefnið fellur þeim í skaut liggur fyrir innan fárra daga.



## Stytttra milli ferða á háannatímum

Sex stofnleiðir í nýju leiðakerfi Strætó bs., aka á tíu mínútna fresti á háannatímum. Nýja leiðakerfið miðar að því að koma fólki á milli helstu íbúðar- og atvinnuhverfa á sem stystum tíma.

**ALMENNINGSAMGÖNGUR** Leiðakerfi strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu hefur verið gjörbylt og verður nýja kerfið tekið í notkun laugardaginn 23. júlí. Það miðar að því að koma farþegum á milli hverfa á sem stystum tíma og verða farnar ferðir á tíu mínútna fresti á háannatímum á sex stofnleiðum sem aka með fáum stoppum á milli helstu íbúðar- og atvinnuhverfa.

Nýja leiðakerfið er fyrsta raunverulega samræmda leiðakerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu en þegar byggðasamlagið Strætó var stofnað árið 2001 var steypt saman leiðakerfum sveitarfélaganna sem að því stóðu og hefur það kerfi ekki tekið stórkostlegum breytingum, fyrr en nú.

Strætóleiðir hins nýja leiðakerfis skipast í þrjú flokka; sex stofnleiðir sem eru eins konar hraðleiðir sem ganga milli hverfa, sex almennar leiðir sem ganga innan fjölmennra hverfa og tengja þau saman, allar með viðkomu í miðborg Reykjavíkur og einnig sjö hverfaleiðir sem ganga eingöngu innan borgarhverfa eða sveitarfélaga án viðkomu í miðborginni.

Ásgeir Eiríksson forstjóri Strætó bs. sagði á blaðamannafundi í gær þar sem leiðakerfið var kynnt að strætó yrði með nýja leiðakerfinu raunhæfari valkostur en áður þegar kemur



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR** Stjórnarformaður Strætó bs. kynnti nýtt leiðakerfi á blaðamannafundi á nýendurbættum Hlemmi.

að því að velja sér samgöngumáta og að ferðatími styttesti almennt.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og stjórnarformaður Strætó bs. sagði að í sumum tilfellum ætti strætó, með auknum forgangi svo sem eins og á sérakreini á Miklubraut, að geta orðið fljótari á milli staða en einkabílinn. Markmiðið væri að þjóna betur þörfum fólks í umferðinni en hingað til hefur verið gert og að gera strætó að góðum, ódýrum

og umhverfisvænum ferðamáta fyrir almenning.

Ljóst er að notendur strætisvagna eiga sumir hverjir eftir að lenda í einhverjum vandræðum á meðan þeir læra á nýtt kerfi og er rétt að benda þeim á að hægt er að kynna sér nýja leiðakerfið á vefsíðunum bus.is og strætó.is og í þjónustunúmeri Strætó bs., 800 1199. Einnig liggja frammi bæklingar með upplýsingum um leiðakerfið á skiptistöðvum.

oddur@frettabladid.is

69%  
FRÉTTABLAÐIÐ



37%  
MORGUNBLAÐIÐ



25%  
BLAÐIÐ



## Við rúllum þeim upp!

Á HVERJUM VIRKUM DEGI LESA NÆSTUM TVÖFALT FLEIRI 20–40 ÁRA ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ EN NÆSTSTÆRSTA DAGBLAÐIÐ.

Sama hvernig á það er litið er meðalbestur Fréttablaðsins afgerandi mestur af íslenskum dagblöðum. Við þökkum lesendum jákvæðar viðtökur og bendum auglýsendum á að nota það blað sem flestir Íslendingar lesa.

Meðalbestur, 20-40 ára, landið allt.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmíðillinn



**MINNA EN MEIRA** Fiskafllinn var mun minni í júní en í á sama tíma í fyrra. Heildarfiskafllinn á árinu er þó meiri en í fyrra. Hér gæða mávar sér á hluta fiskafllans.

Fiskafllinn í júní nam 153 þúsund tonn:

## Dróst saman um 30 þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskafllinn í júní mánuði var tæpum 30 þúsund tonnnum minni en á sama tíma í fyrra samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Þá veiddust tæp 180 þúsund tonn en voru aðeins 153 þúsund nú. Engu síður er heildarafli ís-

lenskra skipa á fyrri hluta þessa árs 103 þúsund tonnnum meiri en á sama tímabili 2004.

Samdrátturinn í júní var mestur í botnfisktegundum, þorski og úthafskarfa en einnig dróst afli verulega saman í loðnu. Meira veiddist hins vegar af ýsu.

-aðe

Harry Potter kominn til landsins:

## Bóka vel gætt

**BÆKUR** Sjötta bókin um galdrastrákinn Harry Potter er komin til landsins og hefst sala á henni í þremur verslunum klukkan eina mínútu yfir tölfi í kvöld. Bækurnar eru geymdar í lokuðum kössum og þess er vel gætt að efni þeirra leki ekki út.

„Það er stranglega bannað að snerta við bókunum,“ segir Óttar Proppé, deildarstjóri erlendra bóka í Pennanum. „Allir sem snerta á bókunum hafa skrifað undir lögfræðiskjöl um meðferð bókarinnar. Því á að vera tryggt að enginn opni bókina fyrr en eftir miðnætti.“

- ht

### LEIÐRÉTTING

Misfarið var með föðurnafn séra Hans Markúsar Hafsteinsonar, sóknarprestis í Garðasókn, í frétt í Fréttablaðinu í gær og föðurnafn Jóns Karls Ólafssonar, forstjóra Icelandair, í blaðinu á miðvikudag. Er þeir beðnir velvirðingar á þessum mistökum.



**ALLIR DAGAR TILBOÐSDAGAR**



**MARKÍSA  
STÆRÐ 300X250**

**13.490 kr.**

# SÚPERBYGG

Öll helstu merkin í verkfærum. Ótrúlegt úrval af BMF festingum, boltum, skrúfum og saum. Sjón er sögu ríkari.

Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.

allt að  
**50%**  
ódyrari



**3.900 kr**

**REGNGALLASETT  
LUXUS**  
s, m, l, xl og xxl




**990 kr.**

**MALARSKÓFLA**




**19.890 kr.**

**GREINATÆTARI  
BLACK & DECKER**



**5.980 kr.**

**HEKKKLIPPA**



**2.500 kr.**

**RAFMAGN-  
HEFILL**



**verð frá 5.900 kr.**

**HITASTÝRT  
STURTUTÆKI**




**79.990 kr.**

**BORÐSÖG  
2200 W**



**5.450 kr.**

**LETTAVAGN**



**verð frá 2.950 kr.**

**SLÁTTURORF**



**11.990 kr.**

**BÚTSÖG  
Á SLEÐA**




**18.490 kr.**

**DEWALT SDS  
PLUS BORHAMAR  
650W**



**89.990 kr**

**JARÐVEGSPJAPPA  
HONDA GX 160**




**4.990 kr.**

**FLÍASÖG**



**9.990 kr.**

**FJÖLNOTA STIGI  
VINNUPALLUR**



**690 kr. PR. STK.**

**HÍRFA,  
BEÐAKLÓRA,  
BEÐASKAFA**



**699 kr.**

**HANDSÖG  
JACK 550 MM**



**GOTT VERÐ**

**RYÐFRÍAR  
SKRÚFUR**



**1.950 kr**

**BÓNVEL**



**1.390 kr. pr.stk**

**STUNGUSKÓFLA  
GAFFALL**



**verð frá 290 kr.**

**LAUFAHRÍFUR**



**390 kr. pr.stk**

**PLÖNTUSKÓFLUR  
GAFFALL OG KLÓRA  
FISKARS**



**9.990 kr.**

**MOSATÆTARI**




**24.900 kr.**

**ÚTIGRILL / ARINN**



**1.090 kr**

**GREINA-  
KLIPPUSETT**



**430 kr.**

**STRÁKÚSTUR**



**15.600 kr.**

**GASHITIARI  
13kw  
hæð 220cm**



**2.190 kr.**

**SKÓFLA OG  
STRÁKÚSTUR**



**390 kr.**

**GARÐKANNA  
10 l.**



**3.690 kr.**

**HJÓLBÖRUR  
80 l.**



**VERÐ FRÁ 150 kr.**

**MÚRBALAR OG  
MÚRFÖTUR**

**Opið mán-fös 8-18 og lau 10-15**

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður  
Sími: 414-6080

**SÚPERBYGG**  
- meira fyrir minna



Niðurstöður rannsóknarnefndar Bandaríkjahers:

## Sömu aðferðir í Guantanamo og Abu Ghraib

**BANDARÍKIN** Ný rannsókn á vegum Bandaríkjahers leiðir í ljós að hinar illræmdu yfirheyrsluáferðir sem notaðar voru í Abu Ghraib-fangelsinu í Irak voru ekki einangrað tilfelli.

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar hefur verið kynnt nefnd öldungardeildarþingmanna en dagblaðið Washington Post greindi frá niðurstöðum hennar í gær. Þar kemur fram að starfsmenn Guantanamo-fangabúðanna þvinguðu fanga sem tengist hryðjuverkaárásunum 11. september 2001 til að klæðast kvennærfötum, ógnuðu honum með hundum og neyddu hann til

að skrifa á gólfinu með ól bundna um hálsinn. Svipaðar aðferðir voru síðar notaðar í Abu Ghraib-fangelsinu.

Stjórnvöld í Washington staðhæfðu á sínum tíma að misnotkunin í Abu Ghraib hefði verið uppátæki þeirra hermanna sem í hlut áttu en ekki verið að skipun yfirvalda. Niðurstöður rannsóknarnefndarinnar þykja hins vegar sýna með óyggjandi hætti að slíkum aðferðum hafi verið beitt á kerfisbundinn hátt. Sérstaka athygli vekur að Donald Rumsfeld landvarnaráðherra er sagður hafa lagt blessun sína yfir þessar yfirheyrsluáferðir. ■



FRÁ ABU GHRAIB-FANGELSINU Allt bendir til þess að aðferðirnar sem notaðar voru í Abu Ghraib hafi verið þróaðar í Guantanamo og menn á æstu stöðum hafi haft um þær vitneskju.

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar:

## Starfsleyfi í fullu gildi

**ÁLVER** „Að okkar mati er ekkert í þessum dómi Hæstaréttar sem skyldar okkur til að fella starfsleyfi Fjarðaáls úr gildi,“ segir Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri Fjarðabyggðar aðspurður hvort forsendur fyrir starfsleyfi vegna byggingar álvers Alcoa í Reyðarfirði séu ekki brostnar líkt og Hjörleifur Guttormsson hefur haldið fram.

Guðmundur segir þessa afstöðu bæjaryfirvalda í Fjarðabyggð hafa komið skýrt fram strax og dómurinn féll og að sú afstaða hafi síður en svo breyst.

- óá



GUÐMUNDUR BJARNASON Bæjarstjóri Fjarðabyggðar

## Starfsleyfi Alcoa dregið í efa

Hjörleifur Guttormsson fullyrðir að forsendur fyrir starfsleyfi Alcoa í Reyðarfirði séu brostnar eftir að Hæstiréttur úrskurðaði að vinna þyrfti nýtt umhverfismat vegna álversins.

**ÁLVER** Ólöglegt er að halda áfram framkvæmdum við álverksmiðju Alcoa í Reyðarfirði þar til nýtt mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Þessu heldur Hjörleifur Guttormsson fyrrverandi alþingismaður og náttúrufræðingur fram.

Hinn 9. júní síðastliðinn úrskurðaði Hæstiréttur að gamalt umhverfismat sem unnið var í tengslum við áætlanir Norsk Hydro um byggingu álvers í Reyðarfirði, gilti ekki um álver Alcoa sem nú rís þar fyrir austan. Áður hafði Alcoa fengið undanþágu frá umhverfismati á grundvelli hins gamla umhverfismats Norsk Hydro.

Lögum samkvæmt skal fara fram mat á umhverfisaðstæðum áður en ráðist er í stórfamkvæmdir. Hjörleifur segir sinn skilning á þeim lögum vera þann að ekki megi halda framkvæmdum áfram fyrir en nýtt umhverfismat liggur fyrir og eins að það hljóti að vera framkvæmdavaldsins að framfylgja þeim lögum. Ljóst er að ef það yrði gert tefðust framkvæmdir talsvert. Umhverfisstofnun hefur hins vegar úrskurðað að starfsleyfi Alcoa í Reyðarfirði sé enn í fullu gildi.

Bæði Sigríður Anna Þórðardóttir og Tómas Már Sigurðsson forstjóri Alcoa á Íslandi sögðu í kjölfari



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON Í HÆSTARÉTTI Hefur sent ítarlegar athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun fyrir álver Alcoa í Reyðarfirði.



SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARÐÓTTIR Umhverfisráðherra vill ekki tjá sig um málið.



ALCOA Í REYÐARFIRÐI Framkvæmdir við væntanlegt álver halda áfram af fullum krafti.

far dómsins að hann hefði ekki áhrif á gang framkvæmdanna. Sigríður Anna tók þá einnig fram að málið hafi fallið á formsatriðum. Þegar haft var samband við Sigríði Önnu við vinnslu þessarar fréttar og hún spurð um álit sitt á því að Hjörleifur Guttormsson mæti áframhaldandi framkvæmdir ólöglegar sagðist hún vita af þeirri skoðun hans en vildi ekki tjá sig nánar um málið.

Undirbúningsvinna er hafin hjá

Alcoa að hinu nýja umhverfismati og lögð hafa verið fyrir drög að matsáætluninni. Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er nýliðinn og bærust viðbrögð frá ellefu aðilum sem farið verður yfir, meðal annars frá Hjörleifi. Að sögn Hauks Einarssonar hjá Hönnun hf. sem sér um framkvæmd umhverfismatsins fyrir Alcoa er búist við að matskýrsla verði send til Skipulagsstofnunar í lok þessa árs.

oddur@frettabladid.is

## SUÐUR-AFRÍKA

**LESTARSLYS Í SOWETO** Tvær lestar lentu í hörðum árekstri á járnbrautarstöð í Soweto, við Jóhannesborg, í Suður-Afríku í fyrirakvöld með þeim afleiðingum að 162 slösuðust. Ekki er vitað hver orsök slýssins var en talið er að önnur lestin hafi orðið rafmagnslaus þannig að hún komst ekki frá stöðinni. ■

## Nú grillum við!

Úrval af nýjum og freistandi uppskriftum fyrir sækera sem vilja prófa eitthvað nýtt og spennandi á grillið.

Yfir 40 uppskriftir að girnilegum fisk-, kjöt- og grænmetisréttum á grillið.

### Meðal uppskrifta í bókinni:

Eggaldinrúllur fylltar með geitaosti • Laxspjót með kúrbít og perlulauk • Grillaðar lúðusteikur með capersósú • Risarækjur í salthjúp • Barbecue kjúklingur með sætum og nýjum kartöflum • Steikarsamloka með sætu laukmauki • Fyllt lambalæri með steinselju og hvítlauk • Grilluð saltfisksteik á spinat- og sveppamauki

### Allt verður gott sem af grillinu kemur

með hjálp þessarar bókar!

Tilboðsbók mánaðarins  
**30% afsláttur**

Gott af grillinu

Tilboðsverð  
**2.090 kr.**  
Fullt verð 2.990 kr.



ANDRI TEITSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI KEA „Í Hilding verða lagðar 300 milljónir í hlutabréfum sem við eigum í dag. Afgangurinn er peningar sem við ætlum að nota í verkefni af þessu tagi,“ segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA.

KEA stofnar ný félög:

## Með einn og hálfan milljarð í eigið fé

**VIÐSKIPTI** KEA vinnur að stofnun tveggja nýrra félaga utan um starfsemi félaga í eigu KEA. Nýja fyrirkomulagið fer í gang af krafti í haust.

Annars vegar er um að ræða félagið Framtakssjóðinn sem stofnaður er utan um starfsemi sprotafyrirtækjanna og hins vegar er um að ræða Hilding sem stofnað er utan um starfsemi rótgrinna fyrirtækja.

Hildingur verður með um 1.200

milljónir í eigið fé og Framtakssjóðurinn með um 400 milljónir.

Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, segir að með þessu sé verið að skerpa starfsemina en KEA haldi áfram að vinna að og styðja við ýmis verkefni eins og áður. „Í Hilding koma 300 milljónir í hlutabréfum sem við eigum í dag. Afgangurinn er peningar sem við ætlum að nota í verkefni af þessu tagi.“

-ghs

# GETUR ÞÚ VALIÐ?



Áskrifendur Stöðvar 2 hafa aldrei verið fleiri  
og þetta er þeirra val:

## 10 vinsælustu þættirnir

Áskrifendur undir 50 ára\*

1		Það var lagið	55,52 %
2		Twenty-four	43,19 %
3		Medium	37,85 %
4		Aðþrengdar eiginkonur	33,93 %
5		Strákarnir (meðaltal)	35,81 %
6		Landsleikur í fótbolta, Ísland-Malta	32,24 %
7		Kevin Hill	31,50 %
8		Joey	30,61 %
9		Fear Factor	30,32 %
10		The Apprentice	30,02 %

\*Gallup könnun 4.-10. júní 2005



Eggert Skúlason lokar hringnum:

## Í brakandi blíðu í Borgarfirði

**FJÁRSÖFNUN** Hjólreiðakappinn Eggert Skúlason, sem hjólar hringinn í kringum landið til styrktar Landssamtökum hjartasjúklinga, kemur til Reykjavíkur í kvöld og lýkur þar með hringferð sinni. Náttúruöflin hafa ekki verið kappanum hliðholl í ferðinni því nær alla leiðina hefur hann mátt berjast gegn sterkum mótvindi og á köflum mikilli úrkomu. Síðdegis í gær var Eggert staddur í Borgarnesi og hafði þá hjólað í 14 daga. „Megnið af deginum í gær hjólaði ég í logni og brakandi blíðu í fyrsta sinn í ferðinni en mér til halds og trausts var Hreggviður Jónsson, forstjóri Vistor.“



Veglalengdin sem Eggert hjólar í dag er um 70 km en lengst lagði hann að baki 130 km á einum degi. „Erfiðasti kafla leiðarinnar var yfir Öxi fyrir austan og dagleiðin á milli Hornafjarðar og Djúpavogs. Kári Stefánsson fylgdi mér á þeim kafla og við börðumst hatrammri baráttu við nafna hans alla leiðina,“ segir Eggert.

-kk

**HJÓLREIÐAKAPPINN** Eggert segist hafa losað sig við nokkur aukakíló í hringferðinni en á vígt stigur hann ekki fyrr en heim verður komið.



**HÆSTI SKÝJAKLJÚFUR EVRÓPU** Rússneskir verkamenn sjást hér vinna að smíði Sambandsturnsins í Moskvu í gær. Byggingin ris í viðskipahverfi Moskvu og á að verða hæsti skýjakljúfur Evrópu. Hönnuðirnir halda því fram að byggingin geti auðveldlega staðið af sér áráð á borð við þá sem grandaði tvíburatumunum í New York.



**GLÆSILEGT ÖKUTÆKI** Þorgeir Jónsson og fleiri Hríseyingar bjóða þeim sem sækja eyjuna heim upp á útsýnisferðir í kerru, dreginni af dráttarvél.

Fjölskylduhátíð í Hrísey:

## Sólstranda-stemming

**SKEMMTUN** Í dag hefst árleg Fjölskylduhátíð fullveldisins í Hrísey og stendur hátíðin fram á sunnudag. Hátíðardagana lýsa Hríseyingar yfir sjálfstæði og bjóða gestum upp á fjölbreytta skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna en á meðal dagskráritaða eru dansleikir með Sent í kvöld og Hundi í óskilum og Stuðmönnum annað kvöld. Valgeir Magnússon, talsmaður hátíðarinnar, segir að Hríseyingar leggist allir á eitt til að gera hátíðina sem glæsilegasta. „Ég á von á þrjú til fjögur þúsund gestum en spád er sól og yfir 20 stiga hita,“ segir Valgeir.

-kk

# Fasteignaverð sagð í hámarki

Flestir sérfræðingar á fasteignamarkaði virðast sammála um verðhækkunarhrinu íbúða sé lokið. Líklegt er að íbúðaverð standi í stað á næstu misserum og ekki útilokað að það lækki lítilla sums staðar.

**FASTEIGNIR** Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu virðist hætt að hækka og sumar íbúðir eru jafnvel farnar að lækka í verði. Þetta kemur til dæmis fram í nýrri greiningu frá greiningardeild Íslandsbanka og gögnum frá Fasteignamati ríkisins og í nýjum Efnahagsfregnum KB banka er búist við að mesta hrinan sé afstaðin.

Samkvæmt þessu er talið að jafnvægi hafi náðst á markaði eða sé í þann veginn að nást, en íbúðaverð hefur hækkað um tæp fjórtíu prósent síðustu tólf mánuði.

„Almennt íbúðaverð er alls ekki að fara að lækka,“ segir Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala. „En nú hefur myndast miklu meira jafnvægi í framboði og eftirspurn, og því eru ekki forsendur fyrir áframhaldandi hækkunum.“

Verð á mjög góðum eignum gæti þó átt eftir að hækka og að sama skapi má búast við að húsnæði sem alla jafna er erfitt í sölu eigi eftir að lækka, en meðaleignin stendur í stað. Hann segir þó að verð á fasteignum gæti lækkað ef efnahagslegar forsendur bresta. „En það er ekkert að gerast á húsnæðismarkaðnum sem gæti valdið almennri verðlækkun.“

Ingvar Arnarson, sérfræðingur hjá greiningardeild Íslandsbanka, útilokar þó ekki að einhver lækkun geti orðið í framtíðinni. „Það hefur



**FASTEIGNAVERÐ** Sérfræðingar telja að fasteignaverð hækki ekki almennt mikið frá því sem nú er.

gífurleg hækkun átt sér stað að undanförmum og líklegt að það komi til einhver leiðrétting. Þá hefur framboð verið að aukast.“ Ingvar segir ekki útilokað að nafnverð íbúða geti lækkað en leiðrétting

gæti einnig komið fram með lægra raunverði, það er að íbúðaverð standi í stað meðan almennt verðlag hækkar, eða það hækki hlutfallslega minna.

Ingvar leggur áherslu á að erfitt

sé að sjá fyrir hver framtíðin sé á markaðnum. „Lykilatriðið er að fólk hafi vaðið fyrir neðan sig því það er ekki útilokað að íbúðaverð lækki.“

grs@frettabladid.is

**GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!**

SPARADU PENINGA

MICHELIN

BFGoodrich

...einfaldlega betri!

**DEKKJA LAGERINN**

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

**755 3355**

DEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK



## VIÐEY - NÁTTÚRA OG MENNING

VIÐEY ISLAND - NATURE AND CULTURE COMBINED IN ONE

VIÐEYJARFERJAN SIGLIR  
ALLA DAGA Í SUMAR

Upplýsingar og pantanir  
ferja@ferja.is • www.ferja.is

Minjasafn Reykjavíkur

Heildarathugun á tekjum öryrkja í gangi:

## Bætur sumra öryrkja gætu fallið niður

**FÉLAGSMÁL** „Samþykktir lífeyrissjóðanna segja að örorkubætur séu til að mæta tekjutapi,“ segir Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri greiðslustofu lífeyrissjóðanna. „Við viljum athuga hvort um raunverulegt tekjutap sé að ræða.“

Landssamtök lífeyrissjóða standa nú að heildarathugun á tekjum þeirra öryrkja sem fá bætur og hefur framkvæmd athugunarinnar sætt nokkurri gagnrýni.

Meðaltekjur öryrkja síðustu þrjú ár áður en þeir voru úrskurðaðir öryrkjar verða framreiknaðar til dagsins í dag og í þeim til-

vikum sem öryrki hefur hærri rauntekjur nú en fyrir matið verða bæturnar lækkaðar sem umframtekjunum nemur og gætu einhverjir orðið af bótum vegna þessa. Ekki verður hins vegar farið fram á endurgreiðslur að sögn Matthildar.

„Þetta er vanhugsuð aðgerð og tekur ekkert tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið á almannatryggingakerfinu,“ segir Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands. „Það er alls ekki ljóst í okkar huga hvaða aðferðir þeir ætla að nota til að fá endanlega niðurstöðu.“

-grs



**ARNÞÓR HELGASON** Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands



**BYGGT SEM ALDREI FYRR** Bæjarráð Kópavogs yfirfer nú yfir 2000 umsóknir um lóðir í Vatnsendahverfinu sem auglýstar voru um daginn.

Lóðaúthlutun í Þingahverfi:

## Tíu sækja um hverja íbúð

**LÓÐAÚTHLUTUN** Nafnalisti þeirra er sóttu um lóðir í nýlegu útboði Kópavogsbæjar vegna Þingahverfis á Vatnsenda var lagður fyrir bæjarráð í gær og mun ráðið nota næstu daga til að fara yfir hann.

Um talsvert verk er að ræða enda bærust vel yfir tvö þúsund umsóknir vegna tæplega 150 íbúða og 75 einbýlishúsaloða eða um það bil tíu umsóknir um hverja íbúð.

Athugasemdir voru gerðar við að ekki voru allar lóðir í útboðsgögnum til útboðs en hjá Kópavogsbæ fengust þær upplýsingar að annað útboð í sama hverfi færi fram í ágúst og þær lóðir að líkindum hluti af því útboði.

-aðe



## GERÐU ÞÉR MAT ÚR KÍNAKÁLI

### KÍNAKÁLSALAT MEÐ NÚÐLUM

1 íslenskt kínakálishöfuð, fremur stórt  
1 pakki skyndinúðlur  
100 g sykurbauur\*  
75 g kasjúhnetur  
3 msk olía\*\*  
3 msk sojasósa  
2 msk balsamedik  
2 msk sykur

Kínakálið skorið í mjóar ræmur og sett í stóra skál. Núðlurnar muldar gróft og settar í aðra skál ásamt sykurbauunum. Vatn hitað að suðu, hellt yfir og látið standa í 3–5 mínútur, en síðan er núðlunum og bauunum hellt í sigti og látið renna vel af þeim. Bauirnar þurfa ekki meiri suðu. Blandað saman við kínakálið, ásamt kasjúhnetunum. Olía, sojasósa, balsamedik og sykur þeytt saman, hellt yfir og blandað vel. Þetta salat er gott með ýmsum austurlenskum mat en einnig með t.d. steiktum kjúklingi og soðnum eða steiktum fiski.

\*má sleppa  
\*\*t.d. sólblómaolía



[www.islenskt.is](http://www.islenskt.is) - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

BÓNUS BÓNUS

Frábær vara - ótrúlegt verð!



399 KR.  
BRÚSINN

Uppbottaduft 2.5 kíló



Túnfiskssteikur 2x-125g

199 KR.  
250g



Hvítlaukslax MARINERAÐUR

779 KR.

35% afsláttur við kassann  
Merkt verð 1199...

1 KÍLÓ Úrvalsrækja REYKTUR  
REYKTUR REGNBOGI

499 KR.  
I. FLOKKS RÆKJA - KÍLÓ

REYKTUR REGNBOGI

1499 KR.



ÍSLENSKT SJÁVARFANG

Bónus býður betur!



199 KR.  
VASINN

Blómavasar

SERVO VERSLANIR



4.53 kíló Amerísk kol

289 KR.  
4.53 KÍLÓ AF GRILLKOLUM



998 KR.  
SHOU SAMLOKUGRILL

Schou samloku grill

SERVO VERSLANIR



Mandarínur NÝ UPSKERA FRÁ ARGENTÍNU

1049 KR.  
ALI úrbeinaður svínahnakki

NÝ UPSKERA!

125 KR.  
URBEINAÐUR KRYDDAÐUR SVÍNAHNAKKI

1049 KR.  
ALI GRILLKÓTELETTUR

30% afsláttur við kassann

40% afsláttur við kassann

1049 KR.  
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

RÓMARKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTELETTUR



Regnslá

99 KR.  
REGNSLÁ KR.



Regnhlífar

299 KR.  
REGNHLÍFIN KR.



98 KR.  
350g

Birgjum okkur upp í Bónus!

Fjölkerfa DVD spilari FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI

5999 KR. DivX

- \*Dolby digital AC3
- \*Digital Theatre Sound (DTS)
- \*NTSC afspilun yfir í Pal
- \*Scart með RGB, RCA
- og Component (Y, Pb, Pr) tengi
- \*Coaxial tengi \*Fjarstýring
- \*Barnalæsing

EKKERT BRUÐL



FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI  
SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.  
COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD  
Digital Direct Progressive Scan

DVD D-421 spilarinn

-fyrir öll kerfin

Heima er best!

JDV D-421 DVD SPILARI

3999 KR.

- 2 Channel/DVD/CD/CDR
- CDRW/VCD/SVCD/JPEG
- MP3 spilari
- Spilar öll kerfi (multi region)
- Dolby Digital, AC3 Digital
- Theatre Sound (DTS)
- Valmyndakerfi NTSC
- Afspilun yfir í Pal RCA, Scart,
- Coax og Optical tengi
- Fjarstýring


EKKERT BRUÐL





## SVONA ERUM VIÐ

## FJÖLDI RÁÐHERRA Í RÍKISSTJÓRN



# baksvið

fréttir og fróðleikur

## SPURT &amp; SVARÐ

SAMGÖNGUR Í EINKAFRAMKVÆMD

## Umferðin er aðalmálið

Hvernig hafa Hvalfjarðargöngin gengið? Þau hafa gengið mjög vel, engar alvarlegar upptökum og fjárhagslega hefur þetta staðist.

**Hvað þarf til að einkaframkvæmd gangi upp?** Það þarf nægilega umferð til að tekjum af henni nægi til að borga kostnaðinn við að gera göngin eða veginn. Það er aðalmálið. Síðan eru fleiri möguleikar. Í Færeyjum hefur ríkið komið inn með hluta af kostnaðinum, helming eða einn þriðja og afgangurinn kemur þá með veggjöldum. Síðan er dæltið flókið hvar ætla menn að innheimta. Síðan tala þeir um 35 kílómetra styttingu með Kjalveg. Styttingin upp á Akranes, um Hvalfjarðargöng, er 62 kílómetrar og 42 norður. Það segir manni hvað þetta má kosta.

**Er rétt að fara í þetta í meira mæli?** Já, það er mín skoðun að það sé framtíðin. Menn eigi að gera það. Menn eru að gera þetta víðsvegar, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Svo skilur maður að Vestlendingar eru ekkert hressir, ef það á að leggja Sundabraut og leggja veggjald á hana, að þeir verði einir um að borga veggjald á landinu.



STEFÁN REYNIR KRISTINSSON  
framkvæmdastjóri Spalar

# Íslensk DNA rannsóknarstofa gæti þjónað löndum heims

Réttarerfðafræðingurinn Richard Kristinsson hefur brotið blað í erfðafræðirannsóknum í heiminum. Aðferð hans getur sparað mikinn tíma og háar fjárhæðir við rannsókn flókinna og alvarlegra glæpa. Richard stefnir að opnun alþjóðlegrar rannsóknarstofu á Íslandi.

„Ég settist niður með prófessorum mínum og vini hans sem stýrir rannsóknarstofu lögreglunnar í Denver. Við spurðum okkur hvað vantaði, hvað mætti betur fara og í hvað mestu peningarnir færu þegar rannsóknir á DNA væru annars vegar. Upp úr því spannst hugmyndin,“ segir Richard Kristinsson.

Að loknu stúdentsprófi hélt hann til náms í lífefnafræði og sameindalíffræði við University of Denver í Colorado í Bandaríkjunum. Fyrst tók hann BS-gráðu og svo meistaraþróf í lífefnafræðinni. Nú er hann réttarerfðafræðingur og starfar við rannsóknarstofu í Denver háskóla samhliða doktorsnámi.

Hugmyndin sem kviknaði í kalli Richards og varð fyrir en varði að uppgötvun snýst um að skilja að svokölluð hvatberaerfðaefni. Slík erfðaefni eru önnur af tveimur erfðaefnum líkamans, hin kallast einfaldlega erfðaefni.

„Í sumum tilvikum er ekki hægt að einangra þetta hefðbundna erfðaefni og þá verður að



RICHARD KRISTINSSON „Mig langar til að setja upp rannsóknarstofu á Íslandi og draumurinn er að geta þjónustað önnur lönd. Við búum yfir tækni sem getur snúið málum við á mun minni tíma en nú er.“

grípa til hvatberaerfðaefnarannsókna. Að auki geta hefðbundin erfðaefni brotnað niður á tveimur til þremur mánuðum, ef lík er til dæmis grafið í jörðu, en hvatberaerfðaefni er hægt að greina úr allt að nokkur þúsund ára gömlum líkum.“

Með þessa vitneskju að vopni lagði Richard, í félagi við prófessor sinn, upp í leiðangur. Markmiðið var að finna leið til að



FRÉTTAVIÐTAL  
NÝJUNG Í DNA-RANNSÓKNUM

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON  
BLAÐAMAÐUR

minnka kostnað við hvatberaerfðarannsóknir og um leið að spara tíma. „Slík rannsókn kostar upp undir 3.000 dollara,“ segir Richard en það eru tæpar tvö hundruð þúsund krónur. Hefðbundin DNA-rannsókn kostar um 1.000 dali eða um 65.000 krónur. Að auki eru þessar rannsóknir tímafrekar.

„Við duttum niður á aðferð sem tekur sjö mínútur og kostar hundruð dollara,“ en það eru um 6.500 krónur.

Aðferðin góða snýst í stuttu máli um að einangra hvatberaerfðaefni frá öðrum efnum sem kunna að hafa smitað upprunalega efnið.

„Tökum dæmi,“ segir Richard. „Við erum með lík og þurfum að komast að hvort í hvatberaerfðaefnum þess sé smit úr hvatberaerfðaefnum hugsanlegs morðingja. Það getum við gert á stuttum tíma og þannig séð hvort ástæða sé til að senda hvatbera-

erfðaefnið í rannsókn sem svo hugsanlega gæti leitt til þess að morðinginn finnst.“

### Með þekkinguna í kollinum.

Bandaríska dómsmálaráðuneytið hefur fylgst grannt með rannsóknum Richards og styrkt þær í tveigang. Fyrst um 200.000 Bandaríkjadali eða sem svarar til þrettán milljóna króna og svo um 250.000 Bandaríkjadali eða rúmar sextán milljónir. Samtals hefur ráðuneytið því lagt tæpar 30 milljónir króna í verkefnið.

„Við höfum sýnt fram á að aðferðin virkar en nú þurfum við að sýna fram á hvenær hún virkar og hvenær ekki. Um það snýst vinna næstu mánaða,“ segir Richard. Um leið og þau mál liggja fyrir hrein og klár fæst löggilding á aðferðina. Í framhaldinu er svo undir prófessor Richards komið hvort hann óskar einkaleyfis á henni eða miðlar þekkingunni áfram til þeirra sem læra vilja.

En eins og málum er nú háttað er Richard eini maðurinn sem getur framkvæmt athuganirnar. „Þetta er auðvitað til í formúlum í tölvum en ekki er nóg að komast yfir þær. Það er margt í höfðinu á mér sem þarf til að fá þetta til að virka.“

Eins og nærri má geta eru háar fjárhæðir í húfi þegar erfðafræðirannsóknir eru annars vegar. Til marks um nauðsyn vandvirkni nefni Richard að hvatberaerfðaefni geti auðveldlega sýkst á rannsóknarstofum og menn hafi fram til þessa ekki kunnað að bregðast við því. „Það hefur kostað margar stofur mikil vandræði og jafnvel gjaldprot. En ég hef sumsé þróað aðferð sem skilur sýkingu frá erfðaefni-



### Hvernig fæst nógu mikið D-vítamín úr fæðu?

Afar fáar fæðutegundir gefa D-vítamín í umtalsverðu magni en lýsi og feitur fiskur eru bestu D-vítamingjafarnir. Smjörliki og D-vítamínþætt mjólk gefa einnig nokkuð magn D-vítamíns.

## Húsbréf

### Útdráttur húsbréfa
13.00 **Guðrún J. Gísladóttir** verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.  
13.00 **Páll Sveinsson** frá Vík í Mýrdal, Lönguhlíð 3, verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík.  
13.00 **Valgeir Þormar**, Granaskjólí 74, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Áskirkju.  
15.00 **Arndís Bjarnadóttir**, hjúkrunarfræðingur, Bjarmalandi 24, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.  
15.00 **Eiríkur Jónasson**, löggiltur rafvirkjameistari, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík.  
15.00 **Guðrún H. Kristjánsdóttir**, Stiga-hlíð 16, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju.



ÍSLENSKT HUGVIT Starfsmenn Maritech í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 starfsmenn í átta löndum.

ÍSLENSKA HUGBÚNAÐARFYRIRTÆKIÐ MARITECH VERÐLAUNAD AF MICROSOFT:

# Frumkvæðið og hugvitið kemur frá Íslandi

Hugbúnaðarfyrirtækið Maritech byrjaði sem þriggja manna deild innan TölvuMynda fyrir tíu árum. Í dag starfa um 200 manns við fyrirtækið í átta löndum og ekkert lát virðist vera á vexti þess.

„Í grunninn er þetta rammíslenskt fyrirtæki sem selur viðskiptahugbúnað,“ segir Halldór Lúdvígsson, forstjóri Maritech, en stærsti hópur viðskiptavina fyrirtækisins er í sjávarútvegi. Hér á Íslandi þjónustar Maritech þó mörg stór fyrirtæki á borð við Össur og Avion Group.

Maritech hlaut á dögum verðlaun á árlegri alheimsráðstefnu samstarfsaðila Microsoft og segir Halldór það vera þau

stærstu sem Maritech hefur hlotið hingað til en fyrirtækið var eitt af fjögur þúsund söluaðilum sem komu til greina. „Þetta er því þó nokkur heiður,“ segir Halldór.

Fyrstu árin starfaði fyrirtækið á innanlandsmarkaði en árið 2000 var ákveðið að leita út fyrir landsteinana. Í dag kemur sjötíu prósent af veltu fyrirtækisins erlendis frá og var veltan í fyrra um 1,8 milljarðar íslenskra króna.

Þrátt fyrir örán vöxt undanfarin ár segir Halldór nóg af sóknarfærum eftir. Með samstarfi við Microsoft sé hægt að stækka mikið auk þess sem markaður í sjávarútvegi sé gríðarstór. „Við erum að stækka mjög

mikið í Norður- og Suður-Ameríku og svo er allur Asíumarkaður eftir,“ segir Halldór sem telur uppgang fyrirtækisins týpískt dæmi um íslenskt hugvit. „Megnið af frumkvæðinu og hugvitinu kemur frá Íslandi. Skrifstofurnar erlendis eru meira söluskrifstofur,“ segir Halldór sem segir ekki vanta hyggjuvitið á Íslandi. „Hér er mikið af vel menntuðu og kláru fólki eins og sést á því sem hefur verið að gerast undanfarin ár,“ segir Halldór en telur að greinin fá ekki nægan stuðning frá stjórnvöldum. Hann segir að þeir sem starfi í þessum geira hafi lengi viljað að hugvitið taki við af sjávarútveginum sem aðalútflutningsgreinin. ■



## Páll Sveinsson

frá Vík í Mýrdal, Lönguhlíð 3,

sem andaðist á Borgarsjúklu föstudaginn 8. júlí sl. verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 15. júlí klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Skógræktarfélag Íslands, sími 551 8150.

Steinunn Pálsdóttir Sturla Már Jónsson  
Ásta Ólafsdóttir Guðni Valdimarsson  
barnabörn og fjölskyldur.



Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, tengdasonur og bróðir,

## Eyjólfur Sig. Bjarnason

Víðivangi 8, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 12. júlí.

Guðfinna Vigfúsdóttir  
Ásta Eyjólfsdóttir Hermann Jónsson  
Sigurborg Eyjólfsdóttir Sverrir Kristinsson  
Vigfús Eyjólfsson Rakel Þórðardóttir  
Atli, Tryggvi, Ísak, Ingimar Bjarni, Eyjólfur Árni,  
Vigfús Sigurðsson  
og systkini hins látna.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Pétur Gunnlaugsson

múrarmeistari, Hamarstíg 32, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri 11. júlí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 20. júlí kl. 13.30. Jarðsett verður að Þverá í Laxárdal.

Gunnlaugur Pétursson Arndís Guðmundsdóttir  
Heiðrún Pétursdóttir Arnþór Grímsson  
Linda Hrönn Arnþórsdóttir  
Arna Dögg Arnþórsdóttir  
Hrafnhildur Heiða Gunnlaugsdóttir  
Guðmundur Pétur Gunnlaugsson  
og Arnþór Máni Böðvarsson.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Kristmundur Jóhannesson

bóndi að Giljalandi, Haukadal, Dalasýslu

er lést aðfaranótt 6. júlí sl. verður jarðsöngin frá Stóra-Vatnshornskirkju laugardaginn 16. júlí kl. 14.

Sigríður Bjarnadóttir  
Sigurbjörg Kristmundsdóttir Pétur Guðsteinsson  
Bjarni Kristmundsson Áshildur Eygló Björnsdóttir  
Hallur Kristmundsson Aðalheiður Hanna Björnsdóttir  
Jóhanna Gísladóttir Fernand Lupion  
afabörn og langafabarn

**LEGSTEINAR**  
S: HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
www.steinsmidjan.is

» FASTUR  
**birta**  
» PUNKTUR

**+  
FLOTTUSTU  
HÓTELIN  
Í REYKJAVÍK**

# LÚXUSNAETUR

**Í RÚMINU MEÐ ÞÓRU TÓMAS | METRÓMAÐURINN STAL  
HOMMAMENNINGUNNI | TRÚFÉLÖG Á ÍSLANDI - HVER BÝÐUR BEST?  
FILM NOIR | SARA MARÍA EYÞÓRSDÓTTIR OG NAKTI APINN  
JETTE Í TRILOGIU | ERLING KLINGENBERG + SIRKUSMIÐINN**

**KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA  
VERÐ KR. 300  
FÆST Á ÖLLUM HELSTU  
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS**

**SIRKUS<sup>®</sup>**

**NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.**



## Stærsti útisigurinn

... Keflvíkingar skrifuðu sig í gær í sögu- bækurnar þegar þeir unnu stærsta útisigur íslensks liðs frá upphafi í Evrópukeppnum félagsliða. Keflavík vann Eztella frá Lúxemborg 0-4 og bætti þar með tíu ára gamalt met Skagamanna sem unnu Shelbourne frá Írlandi 3-0 í Dublin 8. ágúst 1995. ÍA vann þá samanlagt 6-0 gegn Írunum.

**sport**  
sport@frettabladid.is

**BJARNI ÞÓR VIÐARSSON: ER AÐ GERA GÓÐA HLUTI HJÁ ENSKA ÚRVALSDEILDARLIÐINU EVERTON**

## Draumurinn er að spila með aðalliðinu

Bjarni Þór Viðarsson, knattspyrnumaðurinn ungi, lék sinn fyrsta leik með aðalliði enska liðsins Everton á miðvikudagskvöld þegar hann kom inn sem varaumaður í æfingaleik gegn skoska liðinu Dundee United. Þetta var fyrsti leikur liðsins á undirbúningstímabilinu og var þeirra sterkasta liði stíllt upp með menn eins og Nigel Martyn, Simon Davies, James Beattie og Duncan Ferguson innanborðs. Everton vann leikinn 1-0.

Bjarni Þór er á sautjándra ári og kom inn sem varaumaður á miðjuna fyrir Li Tie þegar tíu mínútur voru eftir og stóð sig vel. „Ég fékk boltann alveg nokkrum sinnum þessa tíu mínútur og gerði þetta bara einfalt. Þetta var góð reynsla og mjög gaman.“ sagði Bjarni Þór sem vonast eftir því að fá meira að spreyta sig með aðalliðinu á undirbúningstímabilinu.

„Það er alveg möguleiki á því að maður fái að mæta á einhverjar æfingar og svona en það kemur bara allt í ljós. Það væri náttúrulega algjör draumur ef maður fær það. Félagið hefur ekki keypt

marga leikmenn í sumar þannig að ég geri mér alveg vonir um það.“ sagði Bjarni Þór. Spennandi vetur er framundan hjá félaginu en liðið vann sér inn sæti í Meistaradeildinni síðasta tímabil.

Bjarni var í fríi hér á landi en síðan hann kom út aftur hefur hann verið á stanslausum æfingum. „Það er svo heitt hérna núna, um 30 stiga hiti, þannig að það gerir manni ekki auðveldara fyrir. Við æfum alltaf þegar mesti hitinn er. Þetta er sérstaklega erfið í hlaupunum og spretunum en maður hefur þetta af“, sagði Bjarni sem setur stefnu á að spila sem mest með varaliðinu á komandi tímabili og standa sig þar. „Ef ég stand mig þar þá er aldrei að vita hvað gerist.“



## Enska knattspyrnan: Vieira seldur til Juventus

**FÓTBOLTI** Ítalska liðið Juventus keypti í gær Frakkann Patrick Vieira frá Arsenal fyrir 13,75 milljónir punda sem þykir ekki mikið. Vieira er 29 ára og hefur verið á Highbury síðan 1996 en hann gengst undir læknisskoðun hjá Juventus í dag og skrifar svo undir 5 ára samning.

„Ég er hryggur yfir því að Vieira sé á förum frá okkur. Patrick er einn af bestu leikmönnum sem leikið hafa fyrir Arsenal í sögu félagsins,“ sagði Arsene Wenger, framkvæmdastjóri Arsenal. „Það er kominn tími til að breyta til eftir að hafa verið níu ár hjá Arsenal. Ég var alls ekki óánægður hjá félaginu og vil nota tækifærið og þakka stuðningsmönnum Arsenal sérstaklega, þeir hafa verið frábærir.“ sagði Vieira.

# Fjögur mörk Harðar í Lúxemborg

Keflavík er í frábærum málum eftir stærsta útisigur íslensks félagsliðs í Evrópukeppni frá upphafi en Eyjamenn gerðu 1-1 jafntefli á heimavelli gegn B36.

**FÓTBOLTI** Keflavík og ÍBV léku í gær fyrri leiki sína í 1. umferð forkeppni Evrópukeppni félagsliða. Á meðan Keflvíkingar ættu að vera nokkuð öryggir inn í næstu umferð, eftir sögulegan sigur í Lúxemborg, þá bíður Eyjamönnum erfið ferð til Færeya eftir 1-1 jafntefli á heimavelli.

Hörður Sveinsson varð fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til þess að skora fernu í Evrópukeppni þegar hann skoraði öll fjögur mörk Keflavíkur í 0-4 sigri á Eztella í Lúxemborg. Hörður skoraði fyrsta markið strax á 10. mínútu og skoraði síðan þrennu í seinni hálfleik en Lúxemborgararnir réðu engan veginn við hraða Harðar sem gaf sig allan í leikinn. Keflvíkingar eru

því svo gott sem komnir áfram í næstu umferð en seinni leikurinn fer fram á Laugardalsvöllum eftir tvær vikur.

Það má segja að Eyjamenn hafi verið gestrisnir í meira lagi í upphafi leiks, því ekki tók gestina nema 7. mínútur að koma knettinum í mark ÍBV. Var þar að verki Bergur Midfjörð þegar fyrirgjöf hans rataði inn í teig Eyjamanna, þar skoppaði boltinn einu sinni fram hjá varnarmönnum ÍBV og síðan fram hjá Birki Kristinssyni, markmanni. Klaufalegt mark þar sem Eyjamenn sváfu heldur betur á verðinum. Leikmenn B36 voru frískari til að byrja með en smám saman tókst Eyjamönnum að vinna sig inn í leikinn. Um miðvik hálf-

leiksins uppskáru þeir síðan mark þegar Pétur Óskar Sigurðsson þrjónaði sig í gegnum vörn B36 og skoraði örugglega. Síðari hálfleikur var heldur bragðdaufur en þó áttu bæði lið nokkrar ágætis rispur inn á milli.

„Við áttum að rulla þessu liði upp,“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, að leik loknum. Við byrjuðum ekki leikinn fyrr en við vorum búnir að fá á okkur mark og það setti okkur í erfiða stöðu og þeir fengu blóð á tennurnar. Síðan var seinni hálfleikurinn kraftlaus hjá okkur. Við eigum að vinna þá í Færejum og við ætlum okkur að gera það. Við ætlum okkur áfram í keppinni, það er klárt mál,“ sagði Guðlaugur.

**> Við vorkennum ...**

... Brian O'Callaghan, fyrrum leikmanni Keflavíkur og núverandi leikmanni Notts County, en hann er stærsta fórnarlamb þeirra deila sem Guðjóns Þórðarson og forráðamenn Keflavíkur standa nú í. Ef fram heldur sem horfir verður O'Callaghan án atvinnu fram að áramótum þar sem Keflvíkingar vilja meina að hann sé enn samningsbundinn þeim.



**> Við hrósum ...**

... Herði Sveinssyni sem varð fyrsti Íslendingurinn til þess að skora fernu í Evrópukeppni þegar hann skoraði öll mörk Keflavíkur gegn Eztella í Lúxemborg í gær.



FERNA Hörður Sveinsson fór hamförum í mótignir Keflavíkur í gær og skoraði 4 mörk gegn Eztella. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Evrópukeppni félagsliða:

ETZELLA-KEFLAVÍK 0-4  
0-1 Hörður Sveinsson (10.), 0-2 Hörður Sveinsson (60.), 0-3 Hörður Sveinsson (75.), 0-4 Hörður Sveinsson (86).  
ÍBV-B36 1-1  
0-1 Bergur Midfjörð (7), 1-1 Pétur Óskar Sigurðsson (25.).

### 1. deild karla:

FJÖLNIR-VÍKINGUR 1-2  
0-1 Höskuldur Eiríksson (24.), 1-1 Gunnar Már Guðmundsson (70.), 1-2 Jón Guðbrandsson (89).  
VÖLSUNGUR-KA 0-1  
0-1 Jóhann Helgason (36.).  
HAUKAR-BREIÐABLIK 0-1  
0-1 Guðmann Þórisson (76.). Blikinn Ágúst Ágústsson fékk að lita rauða spjaldið á 68. mínútu.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

19 20 21 22 23 24 25

### Sunnudagur

#### LEIKIR

- 19.00 KS mætir Þór í 1.deild karla á Siglfjarðarvelli.
- 20.00 Stjarnan mætir Val á Stjórnúvelli í Landsbankad. kvenna.
- 20.00 KR tekur á móti ÍA í Frostaskjól í Landsbankad. kvenna.
- 20.00 ÍBV fær FH í heimsókn til Eyja í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 Keflavík og Breiðablik leika í Keflavík í Landsbankad. kvenna.
- 20.00 HK og Víkingur Ólafsvík mætast á Kópavogsv. í 1.deild karla.

#### SIÓNVARP

- 08.00 Opna breska meistaramótíð í golfi á RÚV.
- 19.00 Gillette-sportpakinn á Sýn.
- 19.30 Motorworld á Sýn.
- 20.00 World Supercross á Sýn.
- 21.00 World Poker Tour 2 á Sýn.
- 22.30 K-1 Bardagaíþróttir á Sýn.

**Grill SS myndaleikur**

Sendu okkur skemmtilegar myndir úr SS-grillpartíinu þínu á grill@ss.is eða að Fosshálsi 1, 110 Reykjavík og þú gætir unnið gæða Focus grill, sem er án efa eitt það besta á markaðnum í dag, fyrsta flokks grillkjöt frá SS, alvöru grilláhöld eða grillmeistaravuntu. Samtals 1.012 vinningar að verðmæti um 1,5 milljónir króna. Nöfn vinningshafa birt á ss.is.

ÚR SPORTINU

Hjólreiðakappinn **Lance Armstrong** er enn fyrstur í Tour de France hjólreiðakeppninni og er fyrsta hans nú 38 sekúndur á hinn danska Michael Rasmussen sem kemur í öðru sæti en í því þriðja er Christophe Moreau frá Frakklandi. Í gær voru hjólaðir 187 kílómetrar en þar með lauk þeim kafla sem hjólaðir eru um Alpna og var það David Moncoutie sem kom fyrstur í mark. Í dag verður hjólað til Montpellier.



Tyrkneski miðjumaðurinn **Emre** er kominn í ensku úrvalsdeildina en hann hefur skrifað undir fimm ára samning við Newcastle. Emre er 24 ára og kemur frá ítalska liðinu Inter á um fjórar milljónir punda. Það hefur aldrei verið launungarmál hjá Emre að hann vill spila í enska boltanum. Hann er annar leikmaðurinn sem kemur til liðsins í sumar en hinn er miðjumaðurinn **Scott Parker** frá Chelsea.

Sænski miðjumaðurinn **Eric Gustafson** er á leið heim og fer aftur til Örgryte. Hann hefur leikið með Fylki í sumar en hefur átt við meiðslí að stríða sem gerðu það að verkum að hann lék aðeins þrjá leiki með liðinu í Landsbankadeildinni og skoraði eitt mark. Vonast var eftir því að hann væri búinn að yfirstiga þessi meiðslí en svo reyndist ekki vera og í samráði við knattspyrnudeild Fylkis var tekin sú ákvörðun að best væri fyrir alla aðila að hann héldi heim á leið.

Bolton fékk nýjan markvörð í sínar raðir þegar hinn reynslumikli **Ian Walker** gerði þriggja ára samning við félagið í gær. Walker er 33 ára gamall og kemur á frjálsri sölu frá Leicester en þar var hann leystur undan samningi við félagið eftir síðasta tímabil. Sam Allardyce er ánægður með að hafa fengið Walker en hann er þekktur fyrir að krækja í fina leikmenn fyrir engan pening. Walker gengur þó ekki inn í lið Bolton en á að veita Jussi Jaaskelainen samkeppni um stöðuna milli stanganna.



**BREYTINGAR** Það gengur ýmislegt á í Safamýrinni þessa dagana enda hefur Fram ekki unnið deildarleik síðan í lok maímánuðar. Fréttablaðið/

Breytingar hjá Framliðinu:  
**Bo í sóknina og Andrés hættur**

**FÓTBOLTI** Danski sóknarmaðurinn Bo Henriksen er að ganga í raðir Fram í Landsbankadeildinni frá Val. Henriksen kom hingað fyrir tímabilið en ekkert pláss hefur verið fyrir hann í Valsliðinu. Hann hefur aðeins leikið einn leik í byrjunarliði Vals það sem af er, í leik gegn Reyni Árskógsströnd í 32 liða úrslitum VISA-bikarsins. Sá leikur endaði 7-0 fyrir Val og skoraði hinn þrítugi Henriksen tvö af mörkum liðsins. Þrátt fyrir það hefur hann fátækifæri fengið að Hlíðarenda en samkeppnin þar er hörð þar sem flest hefur gengið liðinu í hag það sem af er sumri. Framarar hafa hins vegar verið í basli og meðal annars vantað markaskorara en þeirra markahæsti leikmaður, Andri Fannar Ottóson, er meiddur.

Þá er að fréttu úr herbúðum Fram í Safamýrinni að varnarmaðurinn Andrés Jónsson hefur tilkynnt að hann sé hættur hjá liðinu. Andrés missti sæti sitt í vörn Fram og hefur aðeins leikið einn leik það sem af er sumri. Það var leikur gegn Keflavík þar sem Þórhallur Dan Jóhannsson tók út leikbann.

-egm

Keflavík neitar að leyfa Brian O'Callaghan að fara frá félaginu til Notts County:  
**Brian enn sammingsbundinn Keflavík**

**FÓTBOLTI** Brian O'Callaghan, Írinn sem samdi við Keflavík fyrir Íslandsmótið í knattspyrnu í vor, æfir nú með Notts County á Englandi en hefur ekki enn fengið leikheimild, þar sem forráðamenn Keflavíkinga vilja ekki leysa hann undan samningi.

Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, segir ekki koma til greina að leyfa Brian að fara án greiðslu til Notts County. „Brian er með samning við Keflavík til sextánda október og ef ekki berst neitt tilboð í hann fyrir þann tíma þá ætlum við

ekki að leyfa honum að fara.“ Guðjón Þórðarson, sem er knattspyrnustjóri hjá Notts County og var við stjórnvölinn hjá Keflavík í vetur, segir undarlegt að Brian megi ekki fá að fara.

„Brian er ekki að æfa hjá Keflavík. Hann fær engin laun og er auðvitað ekkert að spila með félaginu. Hann býr hér á Englandi og kemur til Notts County ef hann fær leyfi til þess að hafa félagsskipti úr Keflavík. En það er greinilegt

að forráðamenn Keflavíkur vilja ekki að hann fari til Notts County.“

Forsvarsmenn félaganna hafa reynt að leysa samningavandamálið síðustu daga en lítið gengið. Brian geutr ekki leikið með neinu félagi fyrr en í janúar á næsta ári ef málin leysast ekki fyrir fyrsta september. Ekki er leyfilegt að skipta um félag frá september til fyrsta janúar á Englandi.

-mh

**Í VONDUM MÁLUM** Brian O'Callaghan, Írinn sem samdi við Keflavík fyrir Íslandsmótið í knattspyrnu í vor en yfirgaf liðið eftir aðeins 4 umferðir, fær ekki leikheimild hjá Notts County á Englandi, þar sem hann er enn sammingsbundinn hér á landi.



**SUMMAR TILBOÐ!**

Allar nýjar og vinsælar geislaplötur á sumartilboði í verslunum Skífunnar



1.999 kr.



1.999 kr.




1.999 kr.



1.999 kr.



1.999 kr.



1.999 kr.



1.999 kr.



1.999 kr.



1.999 kr.

**NÝTT DVD**



Eminem - Anger Management Tour



...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

**KRINGLUKRÁIN**

**Dans á Rósum**

Léttir sumarrettir pizzur, salöt, súpur og bökur frá vestmanneyjum um helgina

Borðapantanir í síma 568 0878 [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

Föstudagur 15. júlí Örfá sæti  
Föstudagur 22. júlí  
Laugardagur 6. ágúst

**BÍTL**

Tónleikurinn

KASTALINN 552 3000 [www.kastalinn.is](http://www.kastalinn.is)

Landsbankinn

event

**Snoop Dogg**

EUROPEAN TOUR 2005  
EGILSHÖLL 17. JÚLÍ

Miðasala í Skífunni, á [event.is](http://event.is) og í 575-1522

500 kr. afsláttur fyrir Námulega Landsbankans

Landsbankinn

SIRKUS

Gerðu eitthvað skemmtilegt og komdu á **Players**

Hljómsveitir um helgina:

Hljómsveitin **Á móti sól** föstud. 15. júlí

Hljómsveitin **Karma** laugard. 16. júlí

**Budweiser**

**GUINNESS DRAUGHT**

**GORDON'S GIN OG TONIC**

**PLAYERS**

Bæjarlind 4 - Kópav.

**STUÐ MILLI STRÍÐA · Sveitasæla í borg**

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR LUMAR Á GÓÐRI HUGMYND.

MYND: HELGI SJÖURSSON



Að undanförunni hef-ur tilvonandi eiginmaður minn borið upp hugmyndir þess efnis að við ættum að fjárfesta í sumarbústað. Í fyrstu hélt ég að þetta væri allsherjargrín enda þekkt fyrir allt annað en að fara mikið út fyrir bæjarmörkin. Ég er innipúki í eðli mínu og hef ekki í hyggju að breyta því. Einu skiptin sem ég fer út fyrir bæjarmörkin er þegar mér er boðið í mat í sumarbústað móðursystur minnar eða til ömmu, en það er bara af því að þær elda svo góðan mat.

dama sem vill helst dvelja sem næst Laugaveginum. Einhvern veginn hef ég aldrei skilið þá pælingu að keyra upp fyrir Ártúnsbrekkuna til að eyða tímanum í sveitakofa og slappa af. Ég get vel legið uppi í sófa heima hjá mér.

Þegar umræðan um sumarbústaðinn kom hins vegar upp í annað skiptið reyndi ég að koma skoðunum mínum á framfæri. Ég benti á að það væri mjög kostnaðarsamt að eiga „hytte“ og það væri auk þess sjúklega tímafrekt. Eftir þessa frábæru ræðu hélt ég að málið væri dautt. En það var nú aldeilis ekki. Minn maður er alveg sannfærður um ágæti þess að eiga „sumarbúsi“. Þá datt mér snjallræði í hug. Byggingavörverslanir landsins eru dug-

legar að auglýsa gestahús sem eru allt að sjö fermetrar og rúma vel einn fullorðinn, jafnvel tvo. Þar sem við erum með 25 fm svalir myndi „hyttan“ sóma sér vel þar. Svo gæti ég teppalagt svalirnar með gervigrasi og sett nokkur pálmatré í potta. Á föstudögum gætum við farið saman að versla í matinn, ég fyrir mig og hann fyrir sig. Svo tæki hann nestið, bækurnar sínar og eitt kerti með sér út í „hyttuna“. Um leið og hann væri kominn út myndi ég læsa svölunum og ekki opna þær aftur fyrr en á sunnudagskvöld. Á svölunum gæti hann upplifað sína eigin sumarbústaðastemningu, al-einn með sjálfum sér. Eftir eina helgi í „sumarbúsi“ sæi hann ljósið og málefnið yrði úr sögunni. ■

**myndasögur**

**PONDUS**

Eftir Frode Överli



**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**PÚ OG PA**

Eftir SÖB



**KJÖLTURAKKAR**

Eftir Patrick McDonnell



**BARNALÁN**

Eftir Kirkman/Scott





Tilraunir, fríkað úti, baðferðir, allt fyrir aurinn, áskoranir, stjórnarnir, vakningar og margt fleira með snillingunum Pétri, Audda og Sveppa. Fullt af áður ósýndu efni.

## STRÁKARNIR Á DVD

Tryggðu þér eintak strax í næstu verslun

Síminn 

 sena



## Ýlir á Austurlandi



Á veitingastaðnum Jómfrúnni við Lækjargötu eru haldnir djasstónleikar á laugardögum klukkan 16. Á morgun leikur tríóið B-3 sem skipað er þeim Ásgeiri Ásgeirssyni á gítar, Agnari Má Magnússyni á Hammond orgel og Erik Qvick á trommur.

# menning

menning@frettabladid.is

Dagana 17. -19. júlí heldur Ýlir þrenna tónleika á Austurlandi og flytur íslenska tónlist með alþjóðlegu ívafi af samnefndum hljómdiski sem kom út hjá hinu virta útgáfufyrirtæki ECM. Ýlir eru Gerður Gunnarsdóttir, sem leikur á fiðlu og syngur, og Claudio Puntin, sem leikur á klarinet og bassaklarinet. Þau hafa fengið afar góða gagnrýni fyrir tónleika sína erlendis og einnig fyrir hljómdiskinn sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Tónleikarnir verða sem hér segir: Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði sunnudaginn 17. júlí kl. 20.00. Skríðuklaustri í Fljótsdal mánudaginn 18. júlí kl. 20.00. Safnaðarheimili Vopnafjarðarkirkju þriðjudaginn 19. júlí kl. 20.30. Aðgangseyrir er kr. 1000.

ÝLIR Gerður Gunnarsdóttir, sem syngur og leikur á fiðlu, og Claudio Puntin, sem leikur á klarinet og bassaklarinet, mynda Ýli. Þau hafa nýverið gefið út disk hjá hinu virta útgáfufyrirtæki ECM.



### EKKI MISSA AF...

...miðnæturopnunum bóka-verslananna Máls og menningar við Laugaveg, Pennans-Eymundssonar við Austurstræti og Pennans-Bókvæls á Akureyri vegna útkomu sjöttu bókarinnar um Harry Potter.

...spunagítarleikararnum og tónskáldinu Fred Frith sem heldur tónleika í Klink og Bank klukkan 21 á laugardaginn.




...síðdegisátónleikum með djasskvartettinum LOS í Norræna húsinu á sunnudaginn klukkan 16.

## Frægur spunagítarleikari á Íslandi

Spunagítarleikarinn Fred Frith heldur tónleika í Klink & Bank annað kvöld. Fyrir utan að hafa gefið út fjöldann allan af sólóplötum, með bæði fyrirfram saminni tónlist og tónlist sem er spunin, hefur hann starfað með hljómsveitum á borð við Naked City, Henry Cow, Massacre og Skeleton Crew, auk þess sem hann hefur verið orðaður við hina dularfullu Residents. Á meðal þeirra tónlistarmanna sem Frith hefur unnið með eru John Zorn, Bill Laswell, Ikue Mori, Zeena Parkins, Brian Eno, Robert Wyatt og William Winant.

„Hann er býsna þekktur og hefur komið víða við á þrjátíu ára ferli,“ segir Guðmundur Steinn Gunnarsson, einn af aðstandendum tónleikanna. „Hann



byrjaði upprunalega að láta á sér bera með Henry Cow á áttunda áratugum sem var mjög framsækin Frank Zappa-leg hljómsveit,“ segir hann. „Það er mikill fengur í komu hans hér til landsins.

Hann var að heimsækja vinafólk hér og við fréttum af því og spurðum hvort hann væri ekki til í að halda tónleika. Hann var alveg til í það.“

Sem tónskáld hefur Frith samið fyrir þekktu tónlistarhópa á borð við Asko Ensemble, Rova Saxophone Quartet, Arditti kvartettinn og Ensemble Modern. Auk þess hefur hann

samið mikið af tónlist fyrir kvikmyndir og dansverk. Frith hefur gefið út mikið af ólfku efni hjá ýmsum útgáfum, meðal annars Winter&Winter og Tzadik.

Á tónleikumunum annað kvöld, sem hefjast klukkan 21.00, leikur Fred einn á umbreyttan gítar, en það hefur hann gert í mörg ár. Hann notar meðal annars verkfæri og heimilisáhöld til þess að spila á gítarinn. Á þessu sviði hefur Fred haft mikil áhrif og fjöldinn allur af gítarleikurum hefur orðið fyrir áhrifum frá honum.

Hljómsveitin Hestbak hitar upp fyrir Frith en einnig koma Charles Ross fiðluleikari og Róbert Reynisson gítarleikari fram. Miðaverð á tónleikana er 1000 krónur. ■

FRED FRITH Spunagítarleikarinn Fred Frith heldur tónleika í Klink & Bank annað kvöld.



90,9

ALLT & SUMT  
Með Hallgrími Thorsteinssyni, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.  
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.

COTT FOLK MCCANN



MAIJA LEHTONEN OG MANFRED GRÄSBECK Maija Lehtonen lauk organistaprófi árið 1982

## Barokk og rómantík á sumartónleikum

Um helgina verður finnski organistinn Maija Lehtonen gestur tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið ásamt eiginmanni sínum, Manfred Gräsbeck fiðluleikara. Lehtonen og Gräsbeck eru meðal fremstu listamanna Norðurlanda á sínu sviði og koma þeirra hingað er styrkt af Finnsk-íslenska menningarsjóðnum.

Saman munu hjónin flytja stutta dagskrá klukkan tólf á hádegis á laugardag en Maija leikur ein á aðaltónleikumunum sem verða á sunnudagskvöld klukkan átta.

Tónleikarnir eru haldnir í Hallgrímskirkju.

Á efnisskrá laugardagstónleikanna eru smáverk eftir Fritz Kreisler, þættir úr Partíu í d-moll eftir Johann Sebastian Bach og Fantasia eftir Pablo de Sarasate um stef úr Töfraflautunni eftir Mozart.

Á sunnudagstónleikumunum flytur Maija meðal annars norðurbýsk barokkverk, Prelúdíu í e-moll eftir Nicolaus Bruhns og þrjú verk eftir Johann Sebastian Bach. ■

## Ampop á tvennum tónleikum

Hljómsveitin Ampop mun flytja lög af væntanlegri plötu sinni, Weather Report, á tvennum tónleikum í dag. Fyrst spilar sveitin í Gallery humar & frægð í plötubúð Smekkleysu klukkan 17.00 og um kvöldið stígur hún á stökk í Stúdentakjallaranum ásamt Jan Mayen, Norton og Hermigervli. Þeir tónleikar hefjast klukkan 22.00.

Ampop hefur verið á ferð og flugi að undanförunum og hefur meðal annars leikið á tónlistarhátíðum í Bandaríkjunum og Kanada. Lagið



AMPOP Hljómsveitin Ampop gefur á næstunni út sína þriðju plötu.

My Delusions verður fyrsta smáskífulag nýju plötunnar, sem er væntanleg í haust. ■



Landsflug ehf



## ÁÆTLUN TIL: LEIGUFLUG FYRIR ALLA

Vestmannaeyja

Hornafjarðar

Sauðárkróks

Bíldudals

Gjögurs

- HVERT SEM ER

Hópar

Íþróttalið

Hljómsveitir

[leiguflug@landsflug.is](mailto:leiguflug@landsflug.is)

**ÞEGAR GRANNT ER SKOÐAÐ ÞÁ ER OFT ÓDÝRARA AÐ FLJÚGA EN AÐ KEYRA!**

## ÞJÓÐHÁTÍÐ 2005!!!

Loftbrú milli lands og eyja

Fljúgðu á 15 mínutum fyrir aðeins 11.500,- kr. báðar leiðir!  
Ennþá ódýrara á sunnudeginum.

Farðu strax á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) eða hringdu í síma 570-3030



## ÆTLAR ÞÚ AÐ MÆTA Á VÖLLINN Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNÍ Í VETUR?

Hvort viltu sjá Hermann Hreiðars, Eið Smára eða Heiðar Helguson í leik á mótí ensku toppliðunum?

Eða viltu sjá Íslendingana kljást innbyrðis?

Skelltu þér í dags- eða helgarferð með Landsflugi og City star airlines til Bretlands í vetur á enska boltann.



# Pórdís Elva með byr undir báða vængi

Pórdís Elva Þorvaldsdóttir er ungt leikskáld á uppleið. Í dag heldur hún til Ástralíu til þess að funda með efnilegum stallsystkinum sínum frá hinum ýmsu löndum.

Pórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann er leikskáld af yngri kynslóðinni. Hún er nú á leiðinni á ráðstefnu í Ástralíu fyrir sextíu bestu ungu leikskáldin í heiminum á aldrinum 18 til 26 ára en ráðstefnan er haldin í Townsville dagana 18-31 júlí.

„Ég er rosalega spennit að fara og hitta önnur leikskáld á mínum aldri því ekki er mikið um þau hérlandis. Það loðir svolítið við leikhúsin hérna að leikritin eru skrifuð af eldra fólki. Ég held að þetta sé ástæðan fyrir því að fara í leikhús. Áhugaleysið er ekkert skrítíð þar sem rödd þeirra heyrir sjaldan í leikritunum og mun oftar er fjallað um málefni unga fólksins í kvikmyndum,“ segir Þórdís kát.

## Brot og Hungur

Þórdís setti upp leikritið Brotið í Hafnarfjarðarleikhúsinu í vor og gekk að hennar sögn með ágætum. „Eftir það skrifaði ég útvarpsleikrit fyrir Ríkisútvarpið að þeirra beiðni. Það hefur ekki enn verið frumflutt en leikritið heitir Kista töframannsins. Einnig fékk ég styrk fyrir næsta verkefni sem fjallar um átraskanir, heitir Hungur og verður sett upp í Borgarleik-

húsinu,“ segir Þórdís sem aðeins hefur skrifað leikrit í eitt og hálf ár.

„Brotið var mitt fyrsta verk og þar sem það er óvenjulegt að leikskáld fái tækifæri til þess að setja upp sitt fyrsta verk þá var ég að vonum sátt. Ég er ofsalega þakklát fyrir að fá byr undir báða vængi og greinilegt að fólk er tilbúið til að gefa ungum leikskáldum séns. Ég hef fengið styrki frá menntamálaráðuneytinu og úr borgarsjóði. Mér líður eins og virkilega sé verið að gefa mér tækifæri og vonandi hef ég bara eitthvað til málanna að leggja,“ segir hún og hlær.

## Uppnám hjá Annie

Þegar Þórdís fékk að vita að hún fengi að fara á ráðstefnuna í Ástralíu kom svolítið upp á. „Ég bjóst aldrei við að fá að fara en fannst ekki saka að sækja um. Svo kom það í ljós að ég fengi að fara og að á meðan ég væri úti yrði söngleikurinn Annie frumsýndur en ég fer með hlutverk í honum,“ segir hún en söngleikurinn verður frumsýndur sunnudaginn 17. júlí. „Það varð uppi fótur og fit í herbúðum Annear og að lokum fengum við leik- og söngkonuna Ingibjörgu

Stefánsdóttur til þess að leysa mig af. Hún hvorki meira né minna en frumsýnir Annie fyrir mig. Það gerist nú svo sem oft að leikarar fái staðgengil fyrir sig en ég held að það sé fáheyrt að fólk sé ekki einu sinni viðstatt frumsýninguna.“

Á ráðstefnunni sem er tveggja vikna löng mæta 60 leikskáld frá þrjátíu mismunandi löndum, öllum byggðum heimsálfum og læra þau meðal annars sitthvað um uppbyggingu leikrita. „Ráðstefnan var fyrst haldin snemma á níunda áratugnum og er því mjög rótgróin. Það verður gaman að hitta önnur ungu leikskáld og ég var svo heppin að fá styrk til ferðarinnar frá menntamálaráðuneytinu og einnig frá Suzuki-bílum. Aðalatriðið fyrir mig er að mynda tengsl við fólk alls staðar að úr heiminum sem er í svipuðum hugleiðingum og ég. Þarna er stuðlað að því að fólk kynnist og vonandi getur orðið úr því alþjóðlegt samstarf.“

hilda@frettabladid.is

**ÞÓRDÍS ELVA** Hún er ein af fáum ungum leikskáldum landsins og er nú á leiðinni á ráðstefnu fyrir sextíu bestu ungu leikskáldin í heiminum, hvorki meira né minna. Þórdís segist hafa fengið góðar viðtökur við leikritum sínum hérlandis og hvetur ungt fólk til vera ekki feimið við að taka sér þessa tíðni og byrja að skrifa.



**KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!**

**Hér & nú**

## TÓNLEIKAR

- 12.00 Dúóið **The Slide Show Secret** heldur tónleika í **Ketilhúsinu** á Akureyri. Þau Kristján Orri Sigurleifsson, kontrabassi og Eva Zöllner, harmónika mynda dúóið og munu þau flytja tónlist ný þýsk og íslensk tónskáld. Aðgangseyrir kr. 1000.
- 17.00 Hinir óborganlegu **KK** og **Magnús** skemmta gestum og gangandi í **12 Tónum**, Skólavörðustíg 15.
- 21.00 Gítardúettinn **Duo Nor** með tónleika í **Dalvíkurkirkju**. Dúettinn er skipaður þeim Ómari Einarsson og Jakobi hagerdorn-Olsen.
- 23.00 Hljómsveitin **Á MÓTI SÓL** leikur fyrir dansi á **PLAYERS**, Kópavogi.

## OPNANIR

- 13.00 Sýning á teikningum eftir ítalska listamanninn og forvörðinn **Giuseppe Venturini** opnuð í gallerí **Klaustri** á Skríðuklaustri.

## SAMKOMUR

- 21.00 Bryggjuhátiðin **Brú til brottfluttra** hefst á Stokkseyri með fjölskylduskemmtun á **Stokkseyrarbruggju**

## DANSLEIKUR

- 23.00 Stórstyrktar dansleikur Hinsegin daga í Reykjavík Gay-Pride á **NASA**. Páll Óskar D.J. Aldurstakmark 20 ára.

## MÍÐNÆTUROPNANIR

- 00.00 Miðnæturopnir í þremur bókaverslunum vegna útkomu **Harry Potter and the Half-Blood Prince** sem kemur út um allan heim laugardaginn 16. júlí. Um leið og sá dagur rennur upp, eða eina mínútu yfir miðnætti á morgun, hefja verslanirnar **Mál og menning við Laugaveg**, **Penninn-Eymundsson**, Austurstræti og **Penninn-Bókval** á Akureyri sölu á bókinni til spennustu lesendanna á Íslandi.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**Hringurinn**  
1400 km á 15 dögum!

## Söfnunarsímar:

907-2001 og skuldfærast þá 1000 kr. af símareikningi

907-2003 og skuldfærast þá 3000 kr. af símareikningi

Bankareikningur söfnunarinnar er 513-14-606030 kt. 511083-0369.

Það skiptir okkur öll máli  
[www.hjartaheill.is](http://www.hjartaheill.is)

# Blautur draumur

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Ímyndið ykkur þetta: Tveir franskir sérvitringar fá þá hugmynd að endurútsetja gömul nýbylgjulög í bossanova-útgáfum. Svo láta þeir ungar franskar söngkonur, sem höfðu aldrei heyrt upprunalegu útgáfunar, syngja löginn beint inn á band. Góð hugmynd? Nei, stórkostleg hugmynd!

Þetta er eins og labba inn á reykfyllt kaffihús og í dimmasta horninu er hljómsveit að renna í gegnum nýbylgjuslagara á borð við Love Will Tear Us Apart eftir Joy Division, I Just Can't Get Enough eftir Depeche Mode, To Drunk to Fuck eftir Dead Kennedys og A Forest eftir The Cure. Þótt það séu mismunandi söngkonur sem syngja löginn, eru þau alltaf sungin með sterkum frönskum hreim. Sem hlýtur bara að vera mest kynsandi ensku-hreimur í heimi.

Útsetningar eru allar mjög einfaldar: Kassagítar, seiðandi ásláttarhljóðfæri, hljómborð, bassi og umhverfishljóð. Allur hljóðfæraleikur er lífillátur og til fyrirmyndar, sem gefur stúlkunum meira rými til þess að njóta sín.

Þegar sveitin spilar á tónleikum velja liósmenn úr átta stúlkna hópi hver syngi löginn í hvert skipti. Það



NOUVELLE VAGUE

FLYTIJANDI: NOUVELLE VAGUE

**NIDURSTAÐA:** Tveir franskir sérvitringar útsetja þekktu nýbylgjuslagara á borð við Love Will Tear Us Apart í bossanova-útgáfum. Fá svo komungar söngkonur sem þekkjast ekki upprunalegu útgáfurnar til þess að syngja. Útkoman er ein mest sexi plata sem þú finnur, hvar sem er.

skemmir ekki fyrir að þær eru allar rétt um tvítugt, og frekar fjörugar hnátur sem klæðast allar fallegum kjólum áður en þær fara á svið og ritskoða ekki hugsanir sínar áður en þær breyta þeim í orð.

Þessi plata er algjör gullmoli, þá ætti ekki að skipta máli hvort hlustandinn þekki löginn fyrir eða ekki. En fyrir gamla nýbylgjuáðdáendur, er þetta blautur draumur.

Birgir Örn Steinarsson

# Sumarið er okkar tími!

## Tilvalið að líta inn

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

### Hvernig verður rafmagn til?



Laxárstöðvar í Aðaldal

„Hvað er með Ásum?“  
Frábær sýning Hallsteins Sigurðssonar, sem hlotið hefur einróma lof.



„Hreindýr og dvergar“  
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sýnir magnaða tréskúlpúta í Laxársstöð í sumar.



Kröflustöð í Mývatnssveit

Allt um Kröfluelda í Gestastofu. Kynnist eldsubrotunum sem urðu í nágrenni Kröflustöðvar 1975-1984.

### Hvers vegna er rafmagn á Íslandi umhverfisvænna en hjá öðrum þjóðum?



Blöndustöð í Húnaþingi

Þorir þú 200 metra niður í jörðina? Hvað verður í göngum Blöndustöðvar í sumar? Magnaður viðkomustaður.



Végarður í Fljótsdal

Kynnið ykkur Kárahnjúkavirkjun og allt sem henni viðkemur í Végarði. Tilvalið að koma þar við áður en haldið er upp að Kárahnjúkum.

### Heimsókn til Landsvirkjunar er upplýsandi og skemmtileg



Sultartangastöð ofan Þjórsárdals

„Andlit Þjórsdæla“ – áhugaverð sýning um mannlífið í Þjórsárdal í 1100 ár.



Ljósafosstöð í Soginu

„Ár og kýr“ Jóns Eiríkssonar komnar suður. 365 kúamyndir sem hlotið hafa verðskuldaða athygli. Einnig ljósmyndasýning Guðmundar frá Efri-Brú „Oft er í holti heyrandi nær“.

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og í síma 515 9000.



Tómas R. Einarsson

&gt; Lights on the highway

**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINI**

**Tómas R. Einarsson:** Let Jazz Be Bestowed On The Huts  
**Lights on the Highway:** Lights on the Highway  
**Rob Thomas:** ...something to be  
**White Stripes:** Get Behind Me Satan  
**Snoop Dogg:** Doggystyle

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Háðsádeilda á stríðið

Nýverið kom út lagið „Party At The White House“ með hljómsveitinni The Viking Giant Show sem er hugaríttur Heiðars Arnar Kristjánssonar úr Botnleðju. Lagið hefur fengið mjög góðar viðtökur og fór meðal annars beint í toppsæti X-FM vinsældarlistans, sína fyrstu viku á lista. „Þetta lag fjallar á kaldhæðnislegan hátt um stríðið sem er í gangi og um Bush og Cheney sem öttu þessu af stað. Þetta er háðsádeila á það,“ segir Heiðar. „Þetta er svona hressandi rokkslagari með smá diskóáhrifum.“

Fyrsta plata The Viking Giant Show er væntanleg í haust. „Ég hef verið að taka upp nokkur lög og vona að þetta verði komið betur á hreint í ágúst,“ segir Heiðar

sem finnur sig vel sem sólótonlistarmaður. „Fyrsta fræði blómstar vel. Þetta hefur gengið vonum fram. Nú langar mig að stækka þetta fyrst músíkin er farin að þróast svona,“ segir hann.



THE VIKING GIANT SHOW Heiðar Örn Kristjánsson úr Botnleðju er maðurinn á bak við The Giant Viking Show.

Heiðar vonast til að spila í fyrsta sinn með

nýrri hljómsveit á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í haust. Á meðan er Botnleðja í pásu, en þó eru þeir félagar byrjaðir að leggja drög að nýrri plötu sem kemur væntanlega út á næsta ári.

## &gt; Plata vikunnar ...

**NOUVELLE VAGUE:**

**Nouvelle Vague**  
 „Tveir franskir sérvíringar útsetja þekktu nýbylgjuslagara á borð við Love Will Tear Us Apart í bossanova-útgáfum. Fá svo komungar söngkonur sem þekkjast ekki upprunalegu útgáfurnar til þess að syngja. Útkoman er ein mest sexi plata sem þú finnur, hvar sem er.“ **BÖS**

## &gt; Popptextinn ...

„How many hoes in your motherfuckin group  
 Wanna take a ride in my 7-8 Coupe, DeVille. Chill, as i take you on a trip where them nig-gaz ride, and slide, you know about the East Side“

- Rapparinn Snoop Dogg, sem heldur tónleika í Egilshöll á sunnudaginn, af plötunni frábæru Doggystyle.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR****Hudson Wayne: The Battle of the Bandidos**

„Allur hljóðfæraleikur er svo mjög vel útfærður og skemmtilega hrár á stundum sem er gott því fátt er leiðinlegra og ópersónulegra að minni mati en yfir-próðúseruð plata. Strákarnir gera þetta vel en ég held að næsta plata verði jafnvel enn betri með nýjum liðsmönnum.“ **BC**

**Audioslave: Out of Exile**

„Audioslave hljóma meira eins og alvöru hljómsveit á annarri breiðskífu sinni. Hér eru nokkur fin lög en í heildina hefur sveitin ekki upp á neitt nýtt að bjóða. Plata fyrir aðdáendur sveitarinnar en ekki marga aðra.“ **BÖS**

**Common: Be**

„Common skilar af sér enn einni frábærri plötu. Í þetta skiptið er Kanye West honum innan handar og útkoman er aðgengilegasta plata Common. Hippopp fyrir þenkjandi fólk.“ **BÖS**

## [ TOPP 10 ]

X-FM LISTINN

- 1 „PARTY AT THE WHITE HOUSE“  
The Giant Viking Show
- 2 „EVERY DAY I LOVE YOU LESS.“  
Kaiser Chiefs
- 3 „IN MY HEAD“  
Queens Of The Stone Age
- 4 „QUESTION“  
System Of A Down
- 5 „MARIA“  
Trabant
- 6 „WAKE ME UP WHEN SEPT.“  
Green Day
- 7 „STUCK IN THE MIDDLE.“  
Eagles Of Death Metal
- 8 „NICK CAVE“  
Jan Mayen
- 9 „WE ARE ALL ON DRUGS“  
Weezer
- 10 „WALKING SHADE“  
Billy Corgan



**SYSTEM OF A DOWN** Rokksveitin öfluglega kemur sterk inn í fjórða sætið með nýjasta smáskífulag sitt Question af plötunni Mezerize.

# Nokkrar Íslandslýsingar

Tónlistarmaðurinn og þýðandinn Tómas R. Einarsson gefur út sína fyrstu plötu sem er alfarið með sönglögum

„Þegar ég var búinn að vera lengi í hefðbundinni djassmúsík á sínum tíma fannst mér góð tilbreyting að breyta yfir í sönglög og nú er ég búinn að vera lengi í latín djass og þá finnst mér gott að taka fyrir það sem ég kalla íslensku sönglög mín. Það er gott að minna sig á það hvaðan maður kemur og hvar maður býr,“ segir Tómas R. Einarsson, tónlistarmaður og þýðandi, um nýja geislauplötu með sönglögum sem hann var að gefa út sem heitir Let Jazz Be Bestowed on the Huts sem er tilvísun í ljóð eftir breska skáldið W.H. Auden og birtist í bók hans Letters from Iceland. „Það eru samt latín lög á disknum því ef diskurinn átti að gefa heildstæða mynd af þeirri tónlist sem ég er að fást við var ekki hægt að sleppa því.“

Á plötunni eru níu sönglög og eru sjö þeirra af eldri diskum Tómasar. Nýju lögin heita Títómas og Hjartalag. Textar laganna eru eftir íslensk skáld og erlend, þá W.H. Auden sem á tvo texta á plötunni, Stein Steinarr, Jón Ólafsson úr Grunnnavík, Guðberg Bergsson og Tómas sjálfan sem á eina þrjá texta á plötunni. Margir söngvarar koma við sögu á plötunni, eins og Einar Örn Benediktsson, Ellen Kristjánsdóttir, KK, Ólafía Hrönn Jónsdóttir auk þess sem Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur syngur einn texta Þú ert eftir Sigurð Guðmundsson.



**GRÍMSSTAÐAHOULT** Forsíðan á nýjum geisladiski Tómasar R. Einarssonar, Let Jazz Be Bestowed on the Huts. Myndina tók Magnús Ólafsson á Grímsstaðaholti snemma á síðustu öld.



**TÓMAS R. EINARSSON** Tónlistarmaðurinn var að gefa út plötu með níu sönglögum þar sem sungnir eru textar eftir íslensk skáld og erlend við lög eftir Tómas.

diktsson, Ellen Kristjánsdóttir, KK, Ólafía Hrönn Jónsdóttir auk þess sem Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur syngur einn texta Þú ert eftir Sigurð Guðmundsson. „Einar Örn Benediktsson, fyrrum Sykurmoli, syngur texta eftir Jón Ólafsson frá Grunnnavík sem kallast Íslandsblús sem er eins konar landlýsing þeirra tíma en Jón þessi var uppi á 18. öld. Textinn byrjar á orðunum: „Ísland má raunar kallast einslags stórt hrúgald af grjóti“ og endar á orðunum: „Þeir góðu menn eru miklu færri og fá engu ráðið.“ Ég hef alltaf sagt að Einar Örn sé söngvari en hann vill ekki taka undir það og segist miklu frekar vera raddari,“ segir Tómas.

Auk þess að vera tónlistarmaður fæst Tómas við þýðingar en hann hefur þýtt einar tíu skáldsögur úr

spænsku, ensku og Norðurlandamálunum. Í haust kemur út eftir hann hjá Máli og menningu þýðing á metsölubókinni La sombra del viento eða Skuggi vindsins, eftir spænska rithöfundinum Carlos Ruiz Zafon.

Titillag plötunnar eftir W.H. Auden syngur bandaríski basúneleikarinn Frank Lacy og segir Tómas að hann bæti við eigin lýsingu á Íslandi þar sem texta Audens þrýtur en Lacy byggir orð sín á hugmyndum þeim um Reykjavík sem hann fékk þegar hann kom hingað til lands árið 1991.

Með disknum fylgir bæklingur á ensku þar sem enski rithöfundurinn Nicholas Shakespeare ræðir um tónlist Tómasar.

Útgefandi er Blánótt en Smekkleysa annast dreifingu á disknum. ■



**BLOC PARTY** Hljómsveitin Bloc Party getur valið úr 25 lögum fyrir næstu plötu sína.

## 25 lög tilbúin

Hljómsveitin Bloc Party, sem hefur slegið í gegn með fyrstu plötu sinni Silent Alarm, er þegar farin að huga að nýrri plötu. Sveitin á 25 lög á lager sem hún á eftir að velja úr fyrir gripinn.

„Mér finnst nýju lögin vera betri en þessi gömlu,“ segir Russel Lissack, liðsmaður sveitarinnar. „Þetta er dálítið skritið því okkur finnst platan okkar vera orðin gömul. Áður en hún kom út vorum við búnir að semja fullt af nýjum lögum og því gott að geta gefið þau út sem fyrst,“ segir hann. ■

## Strokes til S-Ameríku

Hljómsveitin The Strokes ætla að fara að dæmi rokksúttitsins The White Stripes og skella sér í tónleikaferð til Suður-Ameríku í október.

Í ferðinni ætla sveitin að kanna viðbrögð heimamanna við lögum af þriðju plötu sinni, sem er væntanleg snemma á næsta ári. Þetta verður í fyrsta sinn sem The Strokes fer til Suður-Ameríku og mun sveitin meðal annars ferðast til Brasilíu, Argentínu og Chile. ■

**JULIAN CASABLANCAS**

Julian Casablancas og félagar í The Strokes eru á leiðinni í tónleikaferð til Suður-Ameríku í október.

**SEINFELD**

KL. 20:00

**70 MÍNÚTUR**

KL. 21:45

**FRIENDS**

KL. 20:30

**PLACEBO**

TÓNLEIKAR KL. 21:00

**KVÖLDÞÁTTURINN**

BEST OF KL. 22:00

**LETTERMAN**

KL. 22:45



## Í KVÖLD Á SIRKUS

FYLGSTU MED!



SIRKUS

JÓNSSON &amp; LEHMANN - JULI

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tívi var áður. Popp Tívi er á annarri rás á Digital Ísland.

# Vinsælasta tónlistin á Íslandi

## Á móti sól árita disk sinn

í dag, föstudag í Kringlunni frá kl. 16-17  
á morgun, laugardag í Smáralind frá kl. 14-15



6.  
sæti\*

1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin



1.  
sæti\*

1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

KK & MAGGI-Fleiri ferðalög



1.499 kr  
Alm. verð 2.399-

13.  
sæti\*

Eurovision song contest 2005



1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

11.  
sæti\*

BUBBI-Ást



1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

9.  
sæti\*

DAVIÐ SMÁRI-You do something to me



1.499 kr  
Alm. verð 2.399-

7.  
sæti\*

DURAN DURAN-Greatest



1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

4.  
sæti\*

HILDUR VALA



1.499 kr  
Alm. verð 2.399-

2.  
sæti\*

COLDPLAY-X & Y



1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

14.  
sæti\*

EMILIANA TORRINI-  
Fisherman's woman



1.499 kr  
Alm. verð 2.399-

12.  
sæti\*

SYSTEM OF A DOWN-Mesmerize



1.499 kr  
Alm. verð 2.399-

10.  
sæti\*

GORILLAZ-Demon days



1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

8.  
sæti\*

ÝMSIR-Sumarparty



1.499 kr  
Alm. verð 2.399-

5.  
sæti\*

FOO FIGHTERS-In your honour



1.999 kr  
Alm. verð 2.499-

3.  
sæti\*

RAGGI BJARNA - Með hangandi  
hendi

\*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 21. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





**STRÁKARNIR** Eru svoltið svekktir en láta það þó ekki stoppa sig og lofa góðri endurkomu í haust.

## Koma sterkir inn í haust

Það brá mörgum í brún þegar Gallup birti niðurstöður úr skoðanakönnun sem fyrirtækið gerði dagana 4.-10. júní. Þar kom fram að einn vinsælasti þátturinn á Stöð 2, Strákarnir, hefði hrapaði niður um 6% í könnuninni. Þegar betur var að gáð kom í ljós að Strákarnir voru komnir í sumarfrí þegar könnunin var gerð. Í stað þáttarins var sýnt brot úr þáttunum frá liðnum vetri.

Auðunn Blöndal, einn af strákunum, sagði að þetta hefðu vissulega verið vonbrigði en ekki væri að marka skoðanakönnunin þar sem um endursýningu var að ræða.

„Við höfum alltaf rokkað upp og niður í áhorfskönnunum og við lítum bara á þetta sem áskorun að koma enn sterkari inn í haust. Við verðum með fullt af fersku efni og hlökkum til að koma aftur,“ segir Auðunn.

-mmj



**Talstöðin**  
FM 90,9

## Tók forskot á Potter



**HARRY POTTER** Daniel Radcliffe er hér í hlutverki hins göldrótta Harry Potter.

Níu ára bandarískur drengur, Sylum Mastropaolo, hefur skilað eintaki af nýjustu Harry Potter bókinni til verslunar sem seldi honum óvart bókina. Bókin á ekki að koma í verslanir fyrr en á miðnætti á föstudagskvöld í öllum útgáfulöndum og verslunin sem seldi honum bókina segist hafa fjarlægt öll eintök úr búðinni. Sylum fékk aðeins að lesa örfáar blaðsíður bókunnar áður en foreldrar hans komust að því að bókin væri formlega ótúgfin og skiluðu henni. „Við vildum bara bregðast rétt við,“ sagði Mike Muldoon, stjúpfaðir Sylum. „Það hefði verið ósanngjárt að Sylum fengi svona forskot því allir eiga að fá að njóta bókunnar á sama tíma.“

Talsmaður útgáfufyrirtækisins sem gefur Harry Potterbækurnar út segist ekki vita betur en að Sylum sé eini Bandaríkjamadurinn sem hafi lesið bókina. ■

## Harry Potter gleraugu sem glóa í myrkri

Til þess að geta lesið nýjustu Harry Potter bókina er nauðsynlegt að vera með góð gleraugu við hendina. Nú er komin á markað gleraugnalína frá Harry Potter. Ekki eru gleraugun öll kringlótt heldur í öllum stærðum og gerðum.

Á sumum þeirra er endurskinsmerki, aðrar eru með texta sem skrifaður er afturábak sem er best að lesa með því að bera þau upp við spegil. Sum gleraugun hafa þá sérstöðu að glóa í



myrkri. Hulstrin eru heldur ekki af verri endanum enda eru þau í útliti eins og Harry Potter bók.

Gleraugnalína frá Harry Potter fæst í Linsunni. ■



**RÚNAR LOGI INGÓLFSSON** Lærir arkitektúr við Listaháskóla Íslands og leyfði listagjöfni að ná tókum á sér við undirbúning útgáfu Harry Potter.

## Mikilvægur munur á rauðu og bláu

Þeir sem raða sér í biðröðina eftir nýjustu Harry Potter bókinni fyrir utan Mál og menningu á Laugaveginu í kvöld mæta Harry sjálfum í glugganum. Hinn ungi listamaður, Rúnar Logi Ingólfsson, málaði ansi skemmtilega mynd á glugga bóka-búðarinnar í tilefni af útkomu næst síðustu bókunnar um unglínginn göldrótta. Rúnar hefur verið starfsmaður búðarinnar í tvö ár og hefur tekið þátt í hinum mikla undirbúningi sem er í gangi vegna útgáfunnar.

